

ÁRBÓK

HINS

ÍSLENZKA FORNLEIFAFJELAGS

1894.



REYKJAVÍK.

PRENTUÐ Í ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJU

1894.

ÁRBÓK

HINS

ÍSLENZKA FORNLEIFAFJELAGS

1894.



REYKJAVÍK.

PRENTUÐ Í ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJU

1894.

Efnisyfirlit.

Rannsóknir í ofanverðu Árnessþingi 1893. Eptir Brynjúlf Jónsson (Máshóll s. 1. Hagagarður s. 2. Skálholt s. 3. Hoftóft í Úthlíð o. fl., s. 6. Lög-rjetta í Haukadal o. fl., s. 8. Hoftóft í Fjalli s. 9. Árnessþingstaðurinn forni s. 11. Brúnahaugur s. 15. Helgahváll s. 15.)	Bls. 1—15.
Rannsóknir í Skaptafellsþingi 1893. Eptir Brynjúlf Jónsson. (Leiðvöllur s. 16. Hildishaugur s. 19. Kirkjugólfíð s. 19.)	— 16—20.
Rannsóknir í Rangárþingi 1893. Eptir Brynjúlf Jónsson. (Þórsmörk s. 21. Hoftóft? í Fljótshlíð s. 24. Þingskálar s. 25.)	— 21—25.
Grafletur á legsteinum (í Skálholti s. 26. Bræðra-tungu s. 28. Húsafelli s. 28.)	— 26—29.
Grettisbæli í Sökkólfsdal. Eptir Brynjúlf Jónsson	— 30—31.
Líkneski Ólafs helga	— 32—38.
Kistuhlíð frá Hlíðarenda	— 39—40.
Dúkur frá Höfðabrekku	— 41—42.
Skýrsla: I. Ársfundur fjelagsins. II. Reikningur fje-lagsins 1893. III. Fjelagar	— 43—48.
Leiðrjettingar	— 48.

Rannsóknir í ofanverðu Arness- þingi sumarið 1893.

Af

Brynjúlfi Jónssyni.

I. Máshóll.

Fyrir neðan bæinn Stóru-Mástungu í Gnúpverjahreppi stendur einstakur hóll á flatlendi niður við Kálfá, þar sem heitir Mástungnanes. Hann heitir *Máshóll*, og er talinn að vera haugur Más landnámsmanns. Um þann Má vita menn annars ekki annað, en að bærinn hefir nafn af honum, sem bendir til þess, að hann hafi fyrstur byggt bæinn. Hefir verið gízkað á, að Már landnámsmaður Naddoddsson hafi flutt byggð sína þangað, er hann hafði selt Þorbirni jarlakappa land sitt í Hrunamannahreppi, — því þar eru engir Mástaðir, hvorki sem bæjarnafn nje örnefni. *Máshóll* er að vísu nokkuð stór til þess, að hann sje af mönnum gjör, en þó eigi svo, að það sje fortakandi að óreyndu. Til að ganga úr skugga um það, þurfti að grafa í hann, og ljet jeg gjöra það. Raunar var þar ekki fornmenja að vænta, því auðsjáanlega hafði áður verið grafið í hann, og það líklega tvisvar. Fyrst hefir verið rutt ofan miklum hluta af suðurhlið hans. Síðan hefir verið grafin hola þar inn í miðjuna. Nú var þetta gróið og gleymt. Jeg ljet grafa í topp hólsins, og kom niður á móberg með mikilli mól í. Sama bergtegund er í ásum, sem þar eru á móts við hinum megin Kálfár; hún hefir skilið hólinn frá þeim, og gjört langt bil á milli. En þó nú hóllinn sjálfur sje ekki mannaverk, má vel vera, að Már hafi verið jarðsettur í honum. Þeir, sem grófu þar upp áður, hafa getað eyðilaggt menjar þess.

II. Hagagarður.

Landnáma getur þess (V. 12), að Ketilbjörn gamli gaf Ásgeiri Úlfssyni, dótturmanni sínum, Hlíðarlönd »fyr ofan Hagagarð«. Um Hagagarð vita menn ekki annað. En munnmælasögn er: að Ketilbjörn hafi látið búsmala sinn ganga fyrir austan Brúará, og látið gjöra garð frá henni austur að Tungufljóti, svo fjenaðurinn væri í sjálfheldu; en smalamaður hafi hafzt við í skála, þar sem bærinn Skálholt var reistur síðar. Sú sögn er einnig um garðlagninguna, að þá er þrælarnir, sem lögðu hann, voru komnir með hann vestan frá Brúará austur á holtið, þar sem nú er bærinn Miklaholt, þá hafi þeir hvílt sig undir steini og sofnað; hafi Ketilbjörn þá komið að þeim og drepíð þá fyrir ótrúmenskuna. Segja sumir, að hann hafi velt steininum ofan á þá, og tekið svo fast á honum, að fingraförin sjáist. Er því víst bætt við að gamni sínu, því steinninn er heilstórt bjarg úr »dóleríti« með smáholum hjer og hvar. Steinninn heitir enn Þræla- steinn, og svo hjet líka kot, sem stóð skammt frá honum, og var í byggð fram á 18. öld. Þar fyrir ofan og vestan er mikill partur af holtinu nú upp blásinn. En austur að þeim uppblástri utan frá Brúará sjer enn fyrir þráðbeinum garði afarfornum: hann er á þurrlendi en þó svo niður sokkinn, að hann er ekki hærri en landið til hliða, en er þó vel afmarkaður og er nálega 2 fðm. á breidd (þykkt). Hann er nú kallaður *Þrælagarður*. Þess nær sem dregur uppblæstrinum, þess óglöggari verður hann, sem von er, unz hann hverfur alveg. Ekki sjest hann þar, sem blásið er, því grjót hefir ekki verið haft í hann. Fyrir austan uppblásturinn rennur lækur fram með holtinu ofan í mýri, dreifist þar og verður að keldu, er rennur í svo nefnt Klukknagil. En upptök þess gils er önnur kelda, er kemur austan frá Smáholtum fyrir neðan Torfastaði. Frá botni þeirrar keldu sjer aptur fyrir fornum garði, er mjög líkist hinum; hann er þráðbeinn austur á brúnina fyrir ofan bæinn Hrosshaga, en þá tekur við mýri, sem nær ofan að Tungufljóti, og er ekki von hann sjáist þar. Hafi nú, sem ekki er ólíklegt, keldurnar verið lækir til forna, og gjörðir gripheldir af mannavöldum eða náttúrunnar, og hafi Þrælagarður náð alveg að Miklaholtslæknum, — sem ógjörla sjest, því það er svo nærri uppblæstrinum, — og hafi hinn garðurinn náð alla leið ofan að fljótinu, þá er hvorttveggja garðurinn einn og hinn sami, og án efa sá Hagagarður, sem Landnáma nefnir og sem munnmælin segja að náð hafi frá Brúará að fljótinu. Að minnsta

kosti stendur það vel heima eftir afstöðu, að Prælagarðurinn sje Hagagarður sá, er Lndn. nefnir, svo að um hann getur naumast verið vafi. Og aftur getur Hagagarður hugsazt að standa í sambandi við bæjarnafnið *Hrosshaga*, þó þess þurfi raunar ekki.

III. Skálholt.

Það mætti ætla í fljótu bragði, að talsverðar fornleifar sæist í Skálholti. En það er þó mjög lítið, og er slíkt eigi undarlegt, þegar að er gætt. Því þar sem byggð hefir ávallt haldizt, hefir hver breytt annars verkum, mann fram af manni, svo byggingar sjást þar að eins í síðustu mynd. Nú á dögum man enginn eftir byggingum þeim, er þar voru á dögum Finns biskups. En Sigurður Pálsson bóndi á Laug, fróður maður og minnugur, hefir sagt mjer, að þá er hann bjó á Spóastöðum í Skálholtssókn (fyrir 1850), hafi í Skálholti verið sveitarkarl, er Jón hjet Jónsson, þá orðinn gamall og blindur, en hafði áður búið lengi í Laugarási og verið þar upp alinn. Hann hafði þótt merkismaður, greindur vel, skáldmæltur og snilldarmaður. Hann hefði sagt sjer margt um hýsingu á staðnum á Finns dögum. Þá lágu traðirnar austan að bænum, eins og nú, fyrir neðan kálgarðinn, vestur fyrir hann og þar upp á hlaðið. Þangað lágu líka aðrar traðir vestan og neðan að hjá Þorláksbrunni, sem enn er þar vatnsból. Þá var þar raunar ekki kálgarður; en fram við austurtraðirnar, þar sem nú er kálgarðurinn, stóð þá bær Magnúsar lögmanns, og sneru þil á honum suður. Biskupshúsin voru þar, sem nú er bærinn. Var sem forskáli framan við þau, kallaður »portið«, og var innangengt úr því í öll húsin. Fyrir vestan bæinn lágu norðurtraðirnar af hlaðinu upp hjá Staupasteini og upp fyrir norðan kirkjugarðinn, eins og nú, og heygarðurinn var þar, sem enn er vesturbæjar¹-heygarðurinn vestanmegin traðanna hjá Staupasteini. En þar fram af, fyrir vestan hlaðið, þar sem austurbæjar-heygarðurinn er nú, var þá mikil útihúsaröð, er öll höfðu þil og sneru suður. Fyrir austan bæinn var *undirgangurinn* (úr »portinu«?) upp í kirkjuna, og skólahúsin fyrir austan hann. Þau voru tvö samhliða, og sneru þilin til suðausturs. Austur frá þeim var »aldingarður«, er lá í brekkuhalla upp að kirkjugarðinum. Þar voru ræktaðar ýmsar jurtir, og hefir kúmen verið þar síðan.

1) Það er nefniléga tvíbýli í Skálholti.

Þannig lýsti Jón blindi staðnum eins og hann hafði verið á síð-
 ustu árum Finns. En ekki vissi Jón hvaða byggingar verið
 höfðu báðum megin við vesturtraðirnar hjá Þorláksbrunni. Þar
 sjást miklar rústir, en þó engin húsalögun. Þær eru vist eldri.—
 Jón blindi var nær 100 ára gamall og dó litlu fyrir 1850.— Þar
 sem »undirgangurinn« var upp í kirkjuna, sjest enn djúp laut,
 og liggur hún að miðri suðurhlið kirkjunnar. Þar hefir áður verið
 framkirkjan, — því meðan þar var dómkirkja, hefir hún verið
 meir en helmingi stærri en kirkjan, sem nú er. Sjest nokkurn
 veginn fyrir ummáli hennar fyrir aftan kirkjuna nú. Þar hefir
 tekið við aðal-breidd hennar, — því hún hefir verið byggð í kross.
 Hefir norðanmegin heitið norðurstúka, og verið hjer um bil 5
 faðma löng (eftir kirkjunni) og 3 fðm. breið (út frá kórsbreidd).
 Að sunnanverðu var suðurstúka, og sjer ógjörla fyrir stærð henn-
 ar, en virðist hafa verið viðlíka og norðurstúkan. Kórinn þar
 aftur af, hefir verið 7 fðm. langur og 5 fðm. breiður. Allt það
 svæði, sem kirkjan hefir náð yfir, er nú fullt af grjóti, hvar
 sem teini er niður stungið og sumir steinarnir sjást. Hefir því
 grjóti verið ræað undir timburgólf dómkirkjunnar, því öll hafði
 hún verið úr timbri; svo sagði Sigurði Jörundur, bóndi á Laug,
 Illugason smiðs. Hann var smiður góður, sem faðir hans, og
 hafði verið með að taka ofan dómkirkjuna um aldamótin. Hann varð
 gamall og dó á Laug löngu eftir að Sigurður flutti að Haukadal
 (en Laug er hjáleiga frá Haukadal og þar nærri). Sagt er, að
 kaþólsku biskuparnir hafi verið grafnir í norðurstúkunni. Þó er
 þar ekki dýpra á klöpp en mánni í öxl; — ljet jeg grafa þar dá-
 litla gróf og fylla aftur. Ekkert fannst þar, utan hauskúpabrot
 lítið, og járnagli svo sem $\frac{1}{2}$ þuml. langur. Hafi hann verið úr
 líkkistu, þá hefir hún verið úr þunnum bordum. Norðaustantil í
 kirkjugarðinum er tóft, sem enn heitir *Þorláksbúð*, nál. 6 faðma
 löng og 3 fðm. breið. Þar ljet Ögmundur biskup syngja messu,
 eftir að kirkjan brann. — Fyrir norðan traðirnar, uppi á túninu,
 er óglögg rúst af svo nefndu »viðarmannahúsi«, sem um er getið
 þá er kirkjan brann. Norðvestast í túninu heitir *Íragerði*, þar er
 sýnt leiði hinna írsku sveina Jóns biskups Gerrekssonar. Það
 er upphækkun nál. 12 fðm. löng og nál. $1\frac{1}{2}$ fðm. breið. Enginn
 veit nú, hvar Diðrik af Mynden og menn hans eru dysjaðir. Jeg
 ljet grafa þar, sem líklegast þótti, í og hjá Söðulhól, og varð
 einskis vísari. En það er ekki að marka, jarðvegur austur frá
 hólnum er blautur, dysin því sokkin niður og ófinnanleg. — Í
 kirkjunni og við kirkjudyrnar eru nokkrir *legsteinar* og *legsteina-*

brot, en sum eru í kirkjugarðskampinum við sáluhliðið. Í kirkjugólfinu eru yfir 4 legsteinum hlerar, sem lyfta má af. Innstur þeirra er steinn *Hannesar biskups*, hann er undir grátunum. Hann er af marmara og brotið af eitt hornið, en fylgir þó. Er sagt það hafi brotnað af í Merkurhrauni, er steinninn var fluttur frá Eyrarbakka. Steinn *Finns biskups* er þar til hliðar norðanmegin í kórnum, og er gólfíð heilt yfir honum. Fyrir kórdrum er steinn *Jóns biskups Widalíns*, þar utar af steinn *Þórðar biskups*, hann er einna stærstur og mjög vandaður með upphleyptu letri, sem ekki er svo á neinum hinna, og fallegum rósastreng í kring. Letrið er í tveim dálkum, nema efstu línurnar, og er smágjör rósastrengur á milli dálka. Í hornunum eru myndir guðspjallamanna (og svo er á hinum steinunum líka), en í miðið er að ofan Kristur á krossinum, en að neðan tímaglas og undir því hauskúpa. Utar við dyrnar er steinn *Jóns biskups Árnasonar*, Á honum er líka rósastrengur í kring, guðspjallamenn í hornum, en í miðið að ofan »kerúb« en að neðan hauskúpa. Fyrir utan þröskuldinn er steinn *Sigfúsar Þórðarsonar*, ráðsmanns († 1702); ergengið á honum berum, og er hann sumstaðar orðinn skemmdur nokkuð. Fram frá honum er hálfur legsteinn úr rauðleitum steini, sem lesa má á nokkur sundurlaus orð, og er fyrst: »Sepulcrum Gislavi Magn« . . .; mun það vera legsteinn »vísa Gísla«, tengdaföður Þórðar biskups. Hinn parturinn af þessum steini (að því er virðist) er í kirkjugarðskampinum og tók jeg hann fram. Þar á má lesa: »obiit illa pie in Christo Hlidare (anno MDCLXVIII) Sepulta Teigi Fliotsh . . . (in familiae suae do« . . .). Má ætla, að þetta líti til konu Gísla. Fleiri legsteinabrot eru þar, sem ekki er hægt að sjá yfir hverjum verið hafi. Þó má af efninu á einu þeirra ráða, að það sje af steini Jóns Halldórssonar ráðsmanns, mágs Brynjúlfs biskups, er druknaði á heimleið úr Þorlákshöfn 5. febr. 1645. Það brot er úr íslenzku blágrýti, og 2 önnur. Er á öðru læsilegt: »gudhræddaxti þjónustukvinna Guðrún Bi« . . ., en á hinu (með upphleyptu settletri): »Sepulcrum viri reverend (atq pissimi — Anno 1632« (ártalið er smátt og óskýrt). Úti undir kirkjugólfinu sjer og á nokkur legsteinabrot, þá er hlerunum er lyft af steinum biskupanna. Á einu þeirra — sem lá norðanmegin við legstein Jóns biskups Árnasonar — má lesa: »Gisl« . . ., mun það vera sama brot, sem Sigurður Pálsson segist hafa sjeð, er kirkjan var rifin 1846, og ætluð vera af steini Gísla biskups Oddssonar, en ekki er nú hægt að fá vissu fyrir því. Jeg afskrifaði grafletrið á steinum þeirra

Hannesar, Jóns Wídalíns, Þórðar, Jóns Árnasonar, Sigfúsar Þórðarsonar og Jóns Halldórssonar, og fylgir sú afskrift hjer með.

Nokkra forngripi á kirkjan í Skálholti enn. Þeir eru: *Ljósahjálmur* mikill af kopar með 15 (5: 7+8) liljum. *Altarisbrún* með 14 silfrudum látúns(?)doppum, og fylgir sú sögn: að þetta sje *belti Þórgunnu*. *Hökull* úr rauðu silkifløjeli (?) með rósum. Á honum eru breiðir, útsaumaðir borðar bak og fyrir og yfir um báðar axlir; á þeim eru margar fargar og vandaðar myndir, t. d. (á bakinu): Kristur á krossinum og María hjá, en engill rjettir benni bikar; María með barnið (á tveim stöðum) og margar aðrar. *Ljósastjakar* tveir úr kopar; á þeim stendur: »Íslands Company 1651«. — Í bæjarhurð austurbæjarins er digur járnagli með koparhnúð á endanum, hreisturskornum, hafður fyrir handfang. Segir Sigurður Pálsson, að sig minni fastlega, að þessi nagli hafi verið í skemmuhurð í Skálholti áður, þá er hann bjó á Spóastöðum. En sú skemmuhurð hafði verið flutt í Skálholt frá Snæfoksstöðum, en þar hafði hún verið kirkjuhurð áður. Ef til vill er það sama hurðin, sem nú er bæjarhurð, því nýleg er hún ekki að sjá. — Mjög er áriðandi að vernda hinar fáu fornmenjar, sem enn finnast í Skálholti.

IV. Hoftóft í Úthlíð o. fl.

Hoftóft Geirs goða er sýnd í Úthlíð niðurundan bænum í túnjadrinum, og liggur mýri að henni neðan og vestan. Það er ákaflega mikil rúst, næstum sporöskjumynduð, nál. 60 faðm. um máls og allt að 3 al. á hæð frá jafnsljettu sumstaðar. Hún liggur frá austri til vesturs. Meir en helmingur rústarinnar að austanverðu er ein stór tóft um 10 faðm. á lengd og viðlíka á breidd, mælt út á vegg, en þeir eru allstaðar ákaflega fyrirferðar miklir. Hornin eru ekki hvöss, en þó er tóftin fremur ferhyrnd en kringlótt. Dyr hafa verið út úr norðvestur horninu. Rjett fyrir vestan þær hafa verið dyr inn í aðra tóft, sem liggur vestanvið hina. Milli þeirra virðist þó ekki hafa verið einn veggur, heldur tveir og mjótt sund á milli. Sú tóft er 10 faðm. löng, hún liggur frá norðri til suðurs yfir þvera rústina, og 2 faðm. breið nær dyrum en 3 faðm. nær gafi. Í henni innanverðri vottaði fyrir lítilli upphækkun. Vestan við innri (syðri) enda hennar er 3ja tóftin; hún er mjög lítil: nál. 3 faðm. löng og tæpl. 2 faðm. breið og snúa dyr suður. Undir henni og miðtóft-

inni virðist sami milliveggur. Hafi nú, sem ætla má, austasta tóftin verið veizlusalur, en miðtóftin goðahús, þá er eftir að vita til hvers litla tóftin hefir verið. Má vera að helgi-áhöld hafi verið geymd í því húsi. Svo virðist, sem öll þessi bygging, sem á sínum tíma hefir verið mikið mannvirki, hafi nær eingöngu verið gjör af torfi: Þó teini sje stungið niður í hana, verður ekki grjót fyrir nema í örfáum stöðum, t. d. kringum dyrnar og í innanverðri miðtóftinni, þar sem mótaði fyrir upphækkun. Kom mjer í hug, að þar hefði verið goðastalli og ljet grafa þar gröf. Urðu þar nokkrir steinar fyrir, er virtust vera úr hleðslu, en svo var hún úr lagi gengin, að ekki var unnt að ákveða lögun hennar. Lítið eitt fannst þar af viðarkolum. Það var hvorttveggja, að illt var að fá verkamenn, því menn áttu annríkt, enda áleit jeg ekki til neins að grafa meira, þar eð rústin virtist annaðhvort svo að segja grjótlaus, eða, þó grjót hafi verið í undirstöðum, þá verði ekki að því komist, nema með því, að umróta rústinni allri, sem yrði mikið verk og alls eigi þarft, þar eð hún er glögg, eins og hún er, og mikill skaði að spilla henni. Það grjót, sem í henni kann að vera, hlýtur líka að vera mjög úr lagi fært, því nærri má geta, að klakinn hefir árlega mikil áhrif á það, þar eð rústin liggur í raklendi. Er því tvísýnt, að af því sæist lögun tóftanna betur en nú sjest. Telja má víst, að kringum rústina hafi áður verið þurlendi og skógi vaxið, en síðan orðið mýri, sem víðar má sjá merki til. — Gröfina ljet jeg fylla aftur og ganga frá sem áður var.

Upp í túninu í Úthlíð er lítil rúst, kölluð Gríla, sem sumir ætla haug Geirs goða, en er þó eins líkleg til að vera samanfældur og yfirslyttaður smákofi nokkur. Þar heitir og Bjarnarþúfa austur í túninu, einstök þúfa eigi allstór. Þar á Björn nokkur járnsmiður, að vera grafinn með smíðatólum sínum; um hann vita menn ekki annað. Ekki sýndist mjer að grafa í þúfur þessar, þó menn hefði fengizt. Það hefði að eins gjört túnsþjöll, en naumast neitt á því að græða, enda við ekkert sögulegt að styðjast.

Bollasteinn er í bæjarstjettinni í Úthlíð. Hann er flatur, nál. $1\frac{1}{4}$ al. langur, 1 al. breiður og 7—8 þuml. þykkur. Bollinn er í annari hlið hans, og ólíkur öðrum slíkum bollum, þeim er jeg hefi sjeð: hann er víður mjög, en tiltölulega grunnur, aflangur, nál, 1 al. á lengd, $\frac{3}{4}$ al. á breidd og 3—4 þml. á dýpt. Þar sem steinninn er nú, snýr bollinn niður, og verður að velta steininum við til að skoða hann. Annar *bollasteinn* fannst í vor

í Múla í sömu sveit. Hann er lítill; vegur á að gizka 8—9 fjórðunga. Brún er neðan á honum, svo hann getur ekki staðið rjettur nema í lægð eða með því að undir hann sje sett. Er að sjá sem brotnað hafi skáhalt neðan af honum. Bollinn í honum er vel myndaður, kringlóttur, nál. $\frac{1}{4}$ al. í þvermál og 3—4 þml. á dýpt. Nú er steinninn við smíðjudyri í Múla, hafður fyrir herzlupró við smávegis járnsmíði.

V. „Lögrjetta í Haukadál“.

Milli Helludals og Neðradals (Neðra-Haukadals í Biskups-tungum heitir á einum stað Laugartorfa milli gilja tveggja austanundir fjallinu. Hún er vaxin hrísi, og er það að aukast. Þar eru rústir neðst í torfunni, auðsjáanlega af fornum þingstað. Sjest þar hringur, eins og víðar á fornum þingstöðum, rúml. 8 fadm. í þvermál. Búdatóftir sjást þar nokkrar, fyrir víst 12 eða 13 og geta vel verið fleiri, því illt er að sjá þær, einkum síðan hrísið fór að aukast. Svo hefir og gilið, sem öðrum megin er, bæði brotið af torfunni, og líka borið skriðu yfir hana neðan til, og er bágt að segja hve margar búdatóftir það kann að hafa eyðilagt. Engar sögur fara af því, hvaða þing hjer hefir verið háð. En í sögu Guðmundar biskups Arasonar, 8. kap. segir svo: »Þá er Guðmundur var XVII vetra var . . . lögrjetta í Haukadál«. Litur út sem alþingi hafi þá verið flutt þangað um hríð, líklega vegna ófriðar með mönnum, þó frásagnir um það sjeu nú ekki til. Er hugsanlegt, að þingstaðurinn sje frá þeim tíma.

VI. Rúst hjá Helludal.

Mjer var bent á að skoða rúst í túnfæti í Helludal. Það er ein tóft, æði stór og hjer um bil kringlótt. Mun það vera stakkgarður, er Haukadalsmenn hafa notað áður en bær var gjör í Helludal. Þar er og annar stakkgarður neðar í engjunum; þeir tídkuðust mjög til forna, og drógu menn þaðan heyið á sledum á vetrum, er hjarn var.

VII. Marteinslaug.

Marteinslaug heitir fyrir vestan tún í Haukadál. Óvíst er

hvort hún er kennd við Martein biskup Einarsson, eða við hinni helga Martein, sem kirkjan í Haukadál var helguð. Nú á dögum er hjer raunar engin *laug*. Þar stendur hverahrúðurs-klettur út úr lækjarbakka, og við hliðina á honum vellur sjóðandi vatn upp úr smáholum. Í klettinum er bolli, líklega af mönnum gjör, má ausa í hann heitu og köldu vatni eftir vild og þvo svo úr honum. Er kletturinn hæfilega hár til þess. Án efa hefir þessi litli hver verið búinn að mynda utanum sig bungu af hverahrúðri, sem menn hafa brotið og fært burt til bygginga. En klettur þessi hefir verið skilinn eftir, og gjörður að nokkurskonar þvottalaug.

VIII. Legsteinar í Bræðratungu.

Í Bræðratungukirkjugarði eru 3 legsteinar, og mynda þeir nú á dögum stjett frá sáluhliði til kirkjudyra; áður voru þeir í kirkjugólfi. Nú er einn þeirra orðinn svo máður, að ekki verður á hann lesið; en fullyrt er, að það sje legsteinn Gísla lögmanns Hákonarsonar; svo segir Sigurður Pálsson. Hinir eru yfir Hákon Gíslason og yfir Jarðþrúði Hákonardóttur. Grafletrin á þeim skrifaði jeg upp og læt fylgja hjer með. Aðrar fornmenjar fann jeg þar ekki.

IX. Hoftóft í Fjalli á Skeiðum.

Efst í túnjaðrinum í Fjalli á Skeiðum er hár hjalli með klettabrún, en aðrir klettur fyrir ofan. Heita allir klettarnir einu nafni *Hofklettur*. Á hjallanum er fagurt útsýni. Þar sjest móta fyrir fornri tóft, er liggur frá suðaustri til norðvesturs, eftir suðvesturbrún hjallans, og hafa dyrnar verið á hliðveggnum þeim megin. Frá dyrunum til suðausturendans eru nál. 6 faðmar og þar er tóftin einna breiðust, nál. 3 faðm. Til norðvesturs frá dyrunum eru nál. 4 faðm. að afhústóftardyrum og fer tóftin heldur mjókkandi þangað frá útidyrunum, svo að við afhúsdyrnar er hún ekki orðin yfir 2 faðma. Þetta er mælt út á vegg; en þeir eru raunar nokkuð óglöggir og þó einkum suðaustantil, því grjótið hefir verið tekið úr tóftinni á seinni tímum og tveir smákofar byggðir úr því fyrir austan tóftarendann. En svo hefir aftur verið sljettað yfir, svo ekki sjást nema litlir hryggir þar sem veggirnir voru; þó mótur allstaðar fyrir þeim.

í afhúsið eru nál. 2 al. langar og rúml. 1 al. víðar. Afhúsið sjálft er lítið, hjer um bil 2 faðm. langt og 1½ faðm. breitt. En tóft þess var miklu glöggvari en aðaltóftin. Jeg ljet grafa afhústóftina alla upp. Þar voru stórir undirstöðusteinar allt um kring og virtust eigi gengnir mjög úr lagi, enda er berg undir. En af því bergið er ósljett, hafði gólfíð verið sljettað með því, að helluleggja það. Á norðvesturendanum var bil nokkurt milli undirstöðusteina og getur verið, að það hafi verið meira áður, því þeir steinar höfðu auðsjáanlega haggast meira eða minna; mun halli, sem þar er á grundvellingum, hafa valdið því. Gæti jeg næstum trúað, að þar hafi verið útidyr á afhúsinu; en um það skal jeg samt ekkert fullyrða. Það var einkennilegt við þessa afhústóft, að inni í henni, rjett fyrir innan millidyrnar, stóð einstakur steinn svo stór, að tvo menn fullgilda þarf til að velta honum. Hann hefir hlotið að vera settur þar inn af mönnum. Úr veggjunum gat hann ekki hafa fallið, því slíkt bákn hefði engum byggingarmanni dottið í hug að nota nema í undirstöðu. En undirstöður hjeldu sjer þar allstaðar. Ekki þori jeg að segja með vissu, að steinninn hafi stadið óhaggaður eins og hann hafi verið settur. En þó hygg jeg að hann hafi ekki haggast til muna, því það vakti eftirtekt mína, að hinn eini *sljetti flötur*, sem á honum er, vissi *upp* og hallaðist lítið. Kom mjer í hug, að hann kynni að hafa verið *stalli* og goð stadið á honum. Samt hefði þar varla getað stadið nema eitt goð eða tvö, nema þau hefði verið því smávaxnari. Og það er nú í sjálfu sjer líklegra, að í heimilishofum hafi vanalega einungis eitt goð verið tignað, það er bóndinn hafði sjer í lagi átrúnað á. En um það getur enginn vafi verið, að þetta hefir verið heimilishof en ekki höfuðhof. Það vita menn að var að Hofi í Gnúpverjahrepp. En heimilishof hafa ekki verið sjaldgæf. Þannig heitir »*Goðavöllur*« í túninu á Sandlæk í Gnúpverjahrepp, og djúp lág í þeim velli heitir *Goðalág*. Það er nokkurnveginn auðsjeð, að lágin öll er ekki annað, en djúpt niðurgrafin tóft, sem hefir dálitla afhústóft við annan endann, og hafa dyr aðaltóftarinnar verið á hliðveggnum hjá afhúsinu. Bæði af þessari lögun og af nöfnunum má ráða, að þetta muni vera hoftóft. Einnig heitir *Goðalág* í túninu í Fossnesi í sama hrepp. Sú lág er í sljettum hól, og líkist niðurgrafinni hústóft. Hóllinn stendur austur við gljúfrið, þar sem fossinn er, sem bærinn er kenndur við. Mætti ímynda sjer, að »vættur fossins« hafi verið blótuð í því blóthúsi, er gefið hafi tilefni til að nefna tóft þessa *Goðalág*. En hvað sem um

það er, þá hafa þessi blóthús ekki verið annað en heimilishof. Mun það hafa verið nokkuð almennt, einkum hjá þeim bændum, sem í goðorðum áttu, að hafa slík hof heima hjá sjer. Ekki er hægt að segja, hver í Fjalli bjó og hofið átti. Sögur geta þess ekki. Það hefir þó án efa verið mikilsháttar maður. Mjer hefir dottið í hug, að *Úlfur Uggason*, sem nefndur er í Kristnisögu, Njálu og Laxdælu, hafi búið í Fjalli. *Úlfsgil* gæti verið kennt við hann. Það er sunnan í Vörðufelli, en bærinn Fjall er vestanundir sama felli. Úlfur hefir verið mikilsháttar maður, þar eð hann áræddi að deila við Ásgrím Elliðagrimsson, og hefði haft hærri hlut, ef Gunnar hefði ekki veitt Ásgrími lið. Úlfur hefir eigi búið í mikilli tjarlægð frá Þorvaldi hinum veila, er hann vildi fá Úlf í nokkurskonar bandalag við sig, móti þeim Þangbrandi og Guðleifi. En Þorvaldur bjó að Vík í Grímsnesi. Þar heitir nú Heyvík, en sumir kalla Eyvík,¹ og er skammt fyrir utan Hvítá næstum móts við Fjall. Við þessar líkur á tilgátan að styðjast.

X. Árness-Þingstaðurinn forni.

Árness-Þingstaðurinn forni hefir, eins og Árness-þing sjálft, nafn sitt af *Árnesinu*, sem nú á tímum er ey mikil í Þjórsá fram undan Hofi í Gnúpverjahrepp. Nafnið bendir þó til þess, að Árnesið hafi áður verið landfast, en ekki ey eins og nú. Fyrrum rann Þjórsá fyrir sunnan það; er þar enn farvegur hennar allbreiður og rennur dálítill kvísl í honum, en aðal-áin rennur nú fyrir norðan Árnesið og skilur það frá Árnessýslu. Hefir sú breyting orðið á miðöldunum, og líklega smátt og smátt, annars væri hennar getið sem merkis-viðburðar. Hraun er undir jarðveginum í Árnesinu, og er það framhald hraunsins sem myndað hefir Hofsheiði; en framhald Árness-hraunsins er hraunið undir jarðveginum á Skeiðunum. Norðausturendi Árnessins er áfastur Hofsheiði á mjóum hraunrima. Yfir um hann hefir áin brotið sjer farveg og fellur norðvestur af brún hans um foss, er Búði heitir eða upprunalega Búðafoss, og hefir hann nafn af þingbúðunum. Það nafn hefir fossinn því hlotið að fá á meðan þingstaðurinn var notaður og áður en búðirnar lögðust niður. Foss-

1) Rjettara mun *Heyvík*. Mun Vík í Grímsnesi hafa verið aðgreind frá Vík í Grafningi með því, að hún var kennd við *hey* (Heyvík) en hin við *haga* (Hagavík) eftir landskostum hvorrar fyrir sig.

inn hefir því hlotið að vera til þegar í fornöld, en þá hefir hann þó verið lítill, því ekki hefir þá runnið þar nema mjög lítil kvísl. Er ef til vill sennilegast, að hún hafi runnið um glufu gegn um hraunrimann og fossað út úr brún hans, sem þá hefir verið hærri og nokkuð breið og myndað jarðbrú yfir hinni litlu kvísl. Með þeim einum hætti gat það farið saman: að fossinn væri til í fornöld og Árnesið þó landfast, sem hefir orðið að vera, því annars hefðu menn ekki kallað það *nes*, heldur *ey*. Í Árnesinu er jarðvegur nú víða blásinn af og bert hraun eftir. Vestan til í því miðju standa nokkrir stuðlabergs-hólar upp úr hrauninu og er einn miklu stærstur; hann heitir Þinghóll, og verður nefndur síðar. Kringum hóla þessa kemur móbergslag í ljós á nokkrum stöðum. Móbergskennur stapi all-hár stendur norðvestan árinna gagnvart Búða. Hann heitir Búðaberg, og er það suðaustur-endinn á holti því, sem bæirnir *Stóra-Hof* og *Minna-Hof* standa suðvestan undir. Slakki er í holtinu vestan við Búðaberg, og eru tóftir hinna fornu þingbúða í honum; hafa sumar þeirra staðið vestan í hæð þeirri sem myndar bergið; en þar er nú jarðvegur blásinn af og sjest ekki eftir af búðunum annað en grjót í miklum breiðum, sem auðsjáanlega er fært þangað af mönnum, þó nú sjáist þar hvergi fyrir lögun búðanna með vissu. Þar sem slakkinn er óblásinn, má sjá fyrir vist 30 búdatóftir. Þó eru sumar þeirra ekki vel glöggar, því sandrok hefir hálf-sljettað yfir þær, og ofan í nokkrar sýnist að kofar hafi verið byggðir einhvern tíma á öldunum. Af beztu tóftunum er 12 raðað nokkurn veginn reglulega kringum ferhyrnda sljetta lægð, sem er nál. 30 faðma löng og viðlíka breið. Þær virðast allar hafa haft dyr á þeirri hliðinni, sem að lægðinni snýr. Suðaustur úr þessari lægð er opið sund yfir í aðra aflanga lægð sem liggur frá norðaustri til suðvesturs og er nál. 60 faðma löng og rúml. 20 faðma breið, þar sem hún er breiðust. Utan með henni allri hafa líka verið búðaraðir, en ekki sjást þær nema norðvestan megin eitthvað 5—6; virðist sandrok hafa sljett yfir sumar, er gengið hafa fram milli lægðanna norðaustanvert, því þar er sandgári kominn fram að. Í honum sjer grjót úr fyrir vist 2 búðum, og er önnur með óhaggaðri lögun. Suðaustanmegin við löngu lægðina er allur jarðvegur blásinn af austan af Búðabergi vestur á brún lægðarinnar. Eru grjótbreiðurnar sem fyr var getið, úr búðum þeim, sem staðið hafa þeim megin lægðarinnar. Hafa þær verið á að giska 8—10; það sjest ekki með vissu. Austur og norðaustur af hinni ferhyrndu lægð eru 10 (eða 11?)

tóftir óskipulega settar á móa, sem þar er. Á einum stað virðist votta fyrir garðlagi milli þeirra, sem óvist er til hvers verið hefir. En lægðirnar munu hafa verið hafðar til leiksvæða og búðunum raðað kringum þær fyrir fegurðarsakir. Allar virðast tóftirnar nokkurn veginn jafnar á breidd: nál. 5 faðm. út á veggjabrúnir, en munur er á lengd þeirra: frá 6 föðm. til 10 faðm. og eru flestar þar á milli. Hinar óglöggustu verða ekki mældar með vissu.

Það mætti ú virðast undarlegt, að kenna þingið við *Árnes*, ef aðalstarf þingheyenda hefði farið fram á þessum stað, sem ekki er í *Árnesinu*. En svo hefir ekki verið. Það hefir farið fram nokkuð fjarri þessum stað, fram í *Árnesi* við Þinghól, sem fyr er nefndur. Á lágum bergrana sunnan undir hólnum er mannvirki mikið, sem enn í dag er kallað »dómhringurinn«. Það er kringlótt, hlaðið af grjóti og nál. 8 faðmar í þvermál út á brúnir að ofan. Ekki er hægt að ákveða með vissu hina upprunalegu hæð hans að utan, því við það, að jarðvegurinn í kring hefir blásið burt, hefir ytri hleðslan dregist niður og út á við og gengið úr lagi allstaðar nema þar, sem að hólnum veit, þar er hún óhöggud, en miklu lægst, því rætur hólsins liggja þar fram að og hækka upp að utan. Þó má fullyrða, að ytri hleðslan hefir verið fullra 3 álna há, og líklega meira þar, er frá hólnum veit. Þar hafa dyr hringsins verið, og er svo að sjá, sem þær hafi ekki náð niður úr gegn, heldur að uppgengt hafi verið í hann. Þó sjest það ekki með vissu. Þykkt veggjarins að ofan sjest heldur eigi glögg, því grjótið hefur hrapað inn, svo hringurinn er fullur með urð nema í miðjunni. Þó þykir mega fullyrða, að þykktin hafi ekki verið minni en 1 faðm. (3 áln.) að ofan. — Af því hringurinn líkist nokkuð stórum fjárborgum við sjáfarsíðu (t. d. í *Selvogi*), og af því að lengi hefir verið venja, að láta fje ganga úti í *Árnesinu* fyrri hluta vetrar, þá hefir sú getgáta komið fram, að mannvirkið sje fjárborg en ekki dómhringur. Setjum nú að svo væri, — enda þó slíkar fjárborgir hafi aldrei tíðkast til sveita, — þá hefði fjáreigendur líklega haldið honum svo við, að hann ekki sljett-fylltist af jarðvegi. Nú er þó svo. Setjum að það hafi samt orðið af hirðuleysi: þá hlyti þó að sjást leifar af teðslu úr fjenu frá þeim tíma sem borgin hefði verið notud. Til að taka af öll tvímæli með þetta, ljet jeg grafa gröf niður í miðju hringsins, þar til fyrir varð samskonar móbergslag, sem sjest fyrir utan hann. Varð gröfin á 4. alin á dýpt. En þar var hvergi neinn vott af teðsluleifum að finna, heldur var

moldin ljósleit, og þegar neðar dró, blandin smíðjumó og með hörðum sandlögum. Hygg jeg að sú mold hafi verið þar frá því fyrsta, og hafi gólf hringisins verið grasgróið og nokkuð hátt, en hækkað svo meir með tímanum, eftir því sem jarðvegur þykknaði og sandur fauk í, þar til hann sljett-fylltist. Fjárnborg hefir það ekki verið, og getur þá naumast verið annað en »dómhringur«, eins og í mæli er og örnefnið »Þinghóll« bendir líka til.

En nú segja menn: »Dómhringar gátu ekki verið á hjeradsþingstöðum, því þar háðu menn ekki dóma, heldur á alþingi«. En þar við er þess að gæta, að hjeradsþingin voru haldin löngu fyrir en alþingi var sett, og er það ekki efamál, að þá hafa menn háð dóma á hjeradsþingunum, og frá þeim tíma geta »dómhringarnir«, sem sjást á svo mörgum fornum þingstöðum, haft það nafn. Og þó dómur hafi ekki verið háðir þar eftir að alþingi var sett, þá voru þó hjeradsþingin þó ekki haldin til einskis, heldur var hjeradsstjórnarmálum skipað þar. Til þess hafa menn haldið sína þingfundi eftir föstum reglum og á vissum stöðum, sem til þess hafa verið friðaðir og sem oftast, ef ekki allt af, umgirtir. Þannig má skilja tilgang þessara hringa. Þó þeir sjáist ekki á öllum fornum þingstöðum, er ekki að marka. Fyrst er það ekki alveg víst, að þeir hafi *alstaðar* verið *hlaðnir*, og svo geta þeir sumstaðar verið eyðilagðir, ýmist af mönnum eða náttúrunni. Það er t. a. m. sögn, að dómhringur Þingskálalþings hafi verið þar sem bærinn Kaldbak stendur nú. Dómhringur alþingis er hætt við að Öxará hafi brotið af. (Þó Runólfur goði setti dóminn á Öxarárbrú, þá sannar það ekki, að dómhringur hafi ekki til verið, heldur að eins að dómur var gildur, þó hann væri settur annarstaðar). Það er einkennilegt við Árnessþingstaðinn, að dómhringurinn er svo langt frá búðunum. Orsakir til þess er ekki hægt að gizka á, þar eð við engar sögulegar bendingar er að styðjast um það efni.

Ekki er hægt að segja með vissu, hvar höfið að Hofi hefir staðið. Nálægt Stóra-Hofi sjást engar fornar rústir, en hjá Minna-Hofi er talsvert af rústum og girðingum frá fyrri öldum. Þar mun því höftóftarinnar að leita. Ferhyrnd girðing er skammt fyrir sunnan túnið. Hún er utan um bunguvaxna flöt, sem tóftir eru á eftir tvo smákofa eigi forna. Verið getur, að höfið hafi staðið í þessari girðingu, en verið rífið niður og sljettað út eftir kristni; smákofarnir svo byggðir þar aftur seinna. En það eru líka fornar rústir fyrir neðan hlaðbrekkuna á Minna-Hofi. Þær eru miklar fyrirferðar, en óglöggvar. Þó er ein þeirra hin aust-

asta, alls eigi ólík því, að hún gæti verið hoftóft. En hjer er ekki við neitt að styðjast, nema mismunandi tilgátur. Gat jeg því ekki ráðist í að láta grafa í þessa staði.

Í fljótu bragði lægi næst að imynda sjer, að í fyrstu hafi þingstaðurinn verið að *öllu leyti* frammi í Árnesi, en verið að öllu leyti fluttur upp fyrir, þegar áin skar Árnesið frá. En ef búðirnar hefðu verið frammi í Árnesi, þá hlyti tóftir þeirra að sjást þar. En þar sjást engin merki til fornra mannaverka nema dómhringurinn.

XI. „Brúnahaugur“.

Landnáma segir (V. 10.) að Ólafur tvennumbrúni liggi »í Brúnahaugi undir Vörðufelli«. Sú sögn hefir gengið, að Brúnahaugur sje sama sem »Einbúi«, er stendur í fögrum hvammi, sem Nátthagi heitir, uppi undir háfjallinu fyrir norðan túnið í Framnesi. »Einbúinn« er raunar ekki annað en stór klettur, einstakur og nokkuð einkennilegur í lögun, aflangur og söðulbakaður, sem menn kalla. Mest-allur er hann hulinn þunnum jarðvegi. Ekki þótti mjer hann líklegur til þess, að fornmennt hefðu valið hann fyrir greftrunarstað, þó náttúrlegir hólar hafi stundum verið notaðir til þess. Dáltil upphækkun var á suðurenda hans og sá þar á steina, er hreifa mátti. Ljet jeg því grafa þar í, ef þetta kynni að vera dys. En það sýndi sig brátt, að upphækkunin var föst klöpp, þegar búíð var að taka buit hina lausu steina.— Líklega er hinn rjetti Brúnahaugur fyrir neðan fjallsrætur, þar sem nú er mýri, og getur hann verið þar í einhverjum smárimanum, eða þá niðursokkinn og horfinn.

XII. Helgahváll.

Helgahóll heitir í hrauninu fyrir sunnan Árhraun. Það er hár kringlóttur hraunhóll, og er það án efa »Helgahváll«, sem Landn. nefnir, þar sem Helgi trausti fjell. Á hólnum er upphækkun, sem þó er næstum í tvennu lagi. Gæti það verið dys, er síðar hefði þá verið grafið upp. Það er líka sennilegt, að Helgi hafi verið »heygdur« þar í hólnum. — Munnmæli segja, að Helgi trausti hafi búíð á Helgastöðum á Skeiðum.

Rannsóknir í Skaftafellssþingi sumarið 1893.

Af

Brynjúlfi Jónssyni.

I. Hinn forni þingstaður á Leiðvelli.

Svo hagar til á Leiðvelli, að gamalt hraun hefir skipzt þar skammt fyrir ofan. Hefir þar orðið hraunlaus þríhyrna, og er móberg undir jarðveginum í henni. Það er víða ójafnt með hólum og lægðum. Í þessari þríhyrnu er túnið og bærinn á Leiðvelli og nokkurt land annað. Það er enn allt óblásið. Djúp lág liggur sunnan undir suðurbrún nyrðri hraunkvíslarinnar; það er auðsjáanlega uppgróinn farvegur eftir læk eða litla á. Má vera það hafi verið kvísl úr *Landánni*, sem fyrir jarðeldinn 1783 var einn hluti Skattár, og rann fram eftir eystri hraunkvíslinni út í Kúðafljót. Að því fljóti ná báðar hraunkvísirlarnar, sem hjer voru nefndar. Þar sem hin nyrðri hraunkvísl skagar lengst vestur í fljótið, er hátt klettnef, sem heitir *Kúðanef*. Fylgir því örnefni sú sögn, að til forna hafi Kúðafljót verið skipgengt stórskipum, eða jafnvel fjörður allt þangað upp. Hafi »berghald« verið klappað gegnum klettsnös í Kúðanefi, til að festa skip við, og hafi það berghald sjest lengi fram eftir öldum, löngu eftir að hlaup úr Kötlu hafði fyllt fjörðinn af aur. Nú er »berghaldið« samt horfið fyrir löngu; botninn í fljótinu hækkar sífeldlega af árburði, svo að nú er Kúðanef miklu lægra fyrir ofan vatn fljótsins, en það var þegar menn muna fyrst eftir. Svo sagði mjer Jón bóndi á Leiðvelli, gætinn maður, að síðan hann myndi fyrst væri sjónarmanur á, hvað hátt fljótið gengi upp. Skammt fyrir neðan Kúðanef liggur kvíslar-farvegurinn, sem áður er nefndur, að

fljótinu og hefir kvíslin runnið þar í það. Þar er nú vik, sem fljótið gerir inn í landið, en mun hafa verið dalur, meðan fljótið lá lægra. Þar rjett fyrir ofan eru búdatóftir hins forna þingstaðar. Upp frá vikinu er dálítil hvylft móti vestri, er myndast af hæðarbrún, sem liggur í hálf-hring vestan frá fljóti til norð-austurs, norðurs og norðvesturs yfir að farveginum. Þar er hún lægst. En norðanundir er farvegurinn alldjúpur, og fer suður-brún hans ekki lækkanði fram eftir, heldur er þar upphækkun á henni, er myndar norðurbrún hvylftarinnar, og verður því hærri og hryggmyndaðri sem hvylftin lækkar meira og endar í snubbóttu nefi, þar sem farvegurinn liggur út í vikið. Sjást hraunsteinar í nefinu, en að öðru leyti er allt hjer grasgróið. Lítur fremur út fyrir, að þetta sje garður af mönnum gerður en náttúrlegur bali, og að hraunsteinarnir sjeu færðir þangað úr hraunbrúninni norðanmegin farvegsins, því sunnan hans er allt hraunlaust. Þess verður að geta, að heiman frá bænum Leiðvelli liggur gata vestur að fljótinu um sunnanverða hvylftina. Er þar vatnað peningi, og allt neyzluvatn var sótt þangað, þar til nú nýlega að tekizt hefir að grafa brunn heima. Frá garðbalanum að götu þessari liggja búdatóftirnar í þremur röðum. Innsta röðin er niðri í botni hvylftarinnar, bogadregin frá norðvestri til suðurs. Í henni eru 12 búðir í röð, og hin 13. frálaus fyrir vestan götuna. Þær eru mjög svo jafnstórar flestar: nálægt 8 faðma langar og 3 faðma breiðar út á vegg. Sjö hinar vestustu snúa gaffi með dyrum á fram að hvylftinni, þá er ein langsetis með dyrum á framhlið, og er autt svæði bak við hana, þá er aftur tóft, er snýr gaffi fram, og er sú fullt svo löng sem hinar, en við suðurhlið hennar er styttri búð, gengur þó jafnt fram í hvylftina og er þar gaff, en dyr snúa suður. Bak við efri gaff þessarar tóftar er ferhyrnt svæði, 4 faðmar á hvern veg rúmlega, og er garður bak við það og fram með því að sunnan, gengur sá garður eða veggur fram hjá dyrum hinnar síðast-töldu búðar og jafnt fram henni að hvylftinni. Er þannig afmarkaður gangvegur inn í þetta ferhyrnda svæði, og eru dyr síðast töldu búðarinnar út í þann gangveg. Nú kemur dálítið bil, næstum þrihyrnt. Vestan við það eru tvær búðir við götuna, og er önnur neðar og snýr dyragaffi að hvylftinni, eins og hinar, hin er upp af gaffi hennar, og snýr hliðvegg með dyrum á vestur að götunni. Af efri enda hennar gengur búð til austurs og snýr framhlið með dyrum á að hinu þrihyrnda bili, sem getið var. Sú tóft er nálægt 12 faðma löng. Bak við hana er önnur viðlíka

löng og snýr dyrahlíðinni að henni. Þessi búð heyrir eiginlega miðröðinni til, en hin neðri verður að teljast með hinni innstu, þó hún sje þar að baki. Miðröðin er uppi í hvyllftar hallanum og er hún ekki eins samföst og skipuleg eins og hin innsta. Í henni eru 10 tóftir auk tveggja frálausra norður við farveginn. Svo er og 1 fyrir vestan götuna, sem á heima í þessari röð. Norðustu búðirnar í þessari röð hafa snúið gaffli með dyrum á að innstu röðinni, en hinar flestar snúa hliðvegg með dyrum að henni. Yzta röðin er uppi á hvyllftarbrúninni. Er brúnin hæst rjett fyrir austan götuna og þar eru á henni 5 búðir í röð samfastar og er engin mjög stór. Svo lækkar brúnin og hverfur næstum. eru 3 tóftir þar í röð norður að farveginum; þær eru sundurlausar. Undir hinni norðustu er sjerstök hæð og er sú tóft næstum jöfn á lengd og breidd: um 4 faðmar. Fyrir vestan götuna heldur þessi röð áfram, og eru þar 5 búðir og hin lengsta 12 faðmar. Enn eru nokkrar búðir bak við þessa röð og standa þær óreglulega. Alls sjer til 45 búða. Að lengd eru þær mismunandi. Flestar um 8 faðma, nokkrar 10 og 12, aftur aðrar 5 og 6, en fáeinar um 4 faðma á hvern veg. Dómhringur eða þingfunda svið verður ekki sagt að sjáist með vissu. Má vera að ferhyrnda sviðið umgirta, með ganginum fram úr, sem getið er um í innstu röðinni, hafi verið haft til þess. En það getur líka verið búð með einkennilegri lögun. Á hraunsnefinu norðanmegin við farvegsmynnið er raunar gamall hringur, nálægt 5 faðma í þvermál. En hann sýnist minna mannvirki fyrir sitt leyti en búdatóftirnar, og svo eru tvær litlar tóftir áfastar við hann. Þykir mjer því vafasamt, að álta þetta »dómhring«, það gæti eins vel verið »gaddur«, eða kró til að gefa útígangsfje hey í í harðindum; slíkir »gaddar« tíðkuðust meðan hús voru engin fyrir útígangsfje, eða þá jötulaus, og er af því dregið orðatiltækið »að gefa á gadd«. Hafi þessi hringur verið »gaddur«, gat hann verið ætlaður því fje, sem gekk á norðurhrauninu fyrir norðan kvíslina, sem farvegurinn er eftir. Annar hringur er fyrir sunnan farveginn, spölkorn í norðaustur frá búðunum. Hann er meira mannvirki; en eins og hann er nú, er hann auðsjáanlega með seinni alda gerð. Þess vegna mældi jeg hann ekki. En síðan hefir mjer dottið í hug, að þetta hafi dómhringurinn verið ef til vill; en seinni menn hafi notað hann fyrir »gadd« handa fje sem gengið hafi sunnan kvíslarinnar, hafi því hlaðið hann upp að utan, er hann var orðinn niðursokkinn. Um þetta skal jeg samt ekkert fullyrða. Spölkorn suður frá þingstaðnum í sljetti dæld

suðvestan við túnið á Leiðvelli sjer á einstakan hraunstein, mjög niðursokkinn, og er sagt að þingheyendur hafi haldið leiki á þeim stað og fært steininn þangað til afrauna. Fagur leikvöllur gat líka verið í hvyllftinni sjálfri framan við innstu búðaröðina.

Bærinn Leiðvöllur er stuttum stekkjjarvegi austur frá þingstaðnum; þar er fagurt land og óblásið enn. En síðan Land-áin þornaði 1783 hefir sandrokið færzt þar nær, svo að óttast má, að eyðilegging vofi yfir. Er það mjög sorglegt, og nauðsyn að sporna við, ef unnt væri.

II. Hildishaugur.

Hildishaugur heitir enn, svo sem stekkjjarvegi fyrir austan Kirkjubæjarklaustur hið forna. Þar er landið nú blásið og hann er sjálfur ekki annað en dálftill einstakur klettur, sem stendur upp úr sandinum, og er utan um hann lítil ávali af lausagrjóti, sem mulizt hefir úr honum, — efni hans er smásprungið stuðlaberg. Nú á dögum mundi því engum detta í hug að kalla þetta *haug*, ef sögnin um það hefði ekki fylgt frá fyrri tíð. En meðan þar var óblásið, hefir hann verið hulinn jarðvegi og myndað einstakan strituhól. Má það vel satt vera, að *Hildir* fornmaður hafi verið jarðaður í honum, því þar nálægt hefir hann dáið. En fornmenntu oft náttúrlega hóla fyrir *hauga*. Svo er t. d. um haugana við *Haugavað* (nú Barnanesvað) skammt frá Traðarholti (Lndn. V. 10.), að það eru náttúrlegir hraunbalar; en þar fann þó Sigurður Vigfússon leifar fornmannanna, sem ofan á þeim voru heyðir (sbr. Árbók fornl. fjel. 1882, bls. 47—59). Það er líka eftirtektavert við Hildishaug, að hjá honum liggja stuðlabergsdrangar, af öðru »bergi brotnir« en í hólnum er sjálfum, og eru því þangað fluttir af mönnum. Þrír þeirra eru miklu stærstir og liggja sinn veg við klettinn hver, eins og þeir hefðu oltið ofan af honum. Stæði það heima, ef Hildir hefði verið jarðaður í toppi hólsins. Sagt er líka, að fyrir nokkru hafi þar fundizt eitthvað smávegis af fornmenjum, og mun forngripasafnið hafa fengið þær(?). Afgamla beinfíls fann jeg í sandinum þar hjá klettinum; en nú var þar ekki aðrar fornmenjar að finna.

III. „Kirkjugólfíð“.

Skammt fyrir sunnan Hildishaug stendur sljett klöpp upp úr sandinum og þó ekki hærri en svo, að sljett er út af henni. Hún

er kölluð »*Kirkjugólfid*«, og er sagt, að klausturkirkjan hafi staðið þar í fyrndinni. Klöppin er á stærð við stórt húsgólf, og næstum vatnsflöt. Öðrum megin er nokkuð fallið úr henni, svo að skarð er eftir. Hún er sjerstaklega einkennileg að því, að hún er öll samsett af 5-strendum og 6-strendum stuðlabergssteinum, sem falla hver við annan; en alstaðar hefir þó sandleðja komið í milli og orðið þar að steini. Svo það er ekki að undra, þó maður ætli í fyrsta álitu, að steinunum sje raðað saman af mönnum og límdir með steinlímu. Til að ganga úr skugga um það, ljét jeg grafa niður með klöppinni, og sást þá, að hún er jarðfast berg. En af því hún er svo sljett og hallalítil, þá má ekki fyrir það synja, að kirkjan hafi verið sett á hana fyrrum, ef til vill. Þó ætti þá líka bærinn (Kirkjubær) að hafa staðið þar nærri. En ef svo skyldi hafa verið, þá hljóta menjar hans nú að liggja faldar undir sandi. En þá ætti bærinn að hafa verið tvisvar fluttur.

IV. Legsteinar í Kirkjubæjarklausturs kirkjugarði.

Þar sem Kirkjubæjarklaustur stóð, áður en bærinn var færður þangað sem hann er nú, sjást allglöggar rústir af bænum, kirkjunni og kirkjugarðinum. Grassvörður hefir aldrei blásið þar alveg af; en nú virðist þar farið að gróa upp það, er spillzt hafði. Í kirkjugarðinum eru 2 legsteinar. Það eru stórir 5-strendir stuðlabergsdrangar íslenzkir og latínuletur á. Á öðrum er 1 lina, öll læsileg. Þar stendur: »*H. Hviler F. S. kvinna Sigrídr Thormo. do. 1683 (1693?)*. Hinn hefir verið alsettur letri nema á þá hlið, sem hann liggur á. En af því steinninn er áveðurs, er hann orðinn svo sandborinn, að torvelt er að lesa á hann. Þó þóttist jeg geta sjeð þessi orð: »*Fædd 1728 þann 10. Februaríi*«. Þau eru ofan á steininum.

Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1893.

Af

Brynjúlf Jónssyni.

I. Þórsmörk.

Örnefnið *Þórsmörk* nær nú á dögum að eins yfir landið milli *Krossár* og *Ljósár*, sem báðar koma úr Merkurjökli og renna í *Markarfljót*. Fyrir innan *Ljósá* kallast nú *Almenningur*, en hefir óefað talizt með Þórsmörk til forna. Þórsmörk er hálendishjalli, ósljettur mjög með þröngum giljum, djúpum daladrögum, háum hömrum og bröttum brekkum. Margar þeirra eru skógi vaxnar og einkar fagrar, en sumstaðar eru þær þó blásnar eða skriðu-runnar. Allt landslag er þar svipmikið og næstum hrikalegt. *Krossá* og *Ljósá* renna sín eftir hvorum dal. Þó er *Krossárdalurinn* líkari löngu og breiðu gljúfri en eiginlegum dal. *Ljósárdalurinn* er aflendari; þó er hann mjög undirlendislaus og er því nefndur *Þröngur* og áin (*Ljósá*) nefnd *Þröngá* öðru nafni; landið fyrir innan *Ljósá* er sljettara yfir að líta; en nú er það líka blásnara. Í brekkunni upp frá *Ljósá* að innanverðu er forn bæjarrúst, sem kom í ljós snemma á þessari öld á þann hátt, að jarðvegurinn bljes burt, en grjótlögin sáust eftir. Meðal annara, sem skoðuðu hana, er hún var ný komin í ljós, var *Sigurður* hreppstjóri *Ísleifsson* á *Barkarstöðum*; þá lá rústin á mold, og mátti vel sjá undirstöður tóftanna. Aftur kom hann þar 30 árum síðar. Þá var öll moldin blásin burt, og við það hafði grjótið færzt úr stað, svo nú sáust engar undirstöður, en að eins óregluleg breiða þar sem rústin var. Þetta sagði *Sigurður* mjer sjálfur 1885. Nú lítur rústin eins út og þá, er *Sigurður* sá hana síðar.

Þó eru mannaverkin auðsæ, því mikið af grjótinu er flutt neðan frá ánni. Sagt er, að ýmsir smávegis hlutir hafi fundizt í rústinni, t. a. m. *skæri*, sem Einar bóndi í Stóru-Mörk fann og gaf Sigurði Vigfússyni handa forngripasafninu. Þar getur naumast leikið vafi á, að þetta hefur verið bær Ásbjarnar Reyrekilssonar (Lndn. V. 2.), því að á öllu því svæði, sem örnefnið *Þórsmörk* gat náð yfir, hefir þetta verið byggilegasti staðurinn. Af hinum þremur bæjum á Þórsmörk, sem Njála getur, hefir þessi hlotið að vera hinn innsti, því innar hefir bær ekki getað verið. Af hinum tveimur sjást nú engar leifar. Munnmæli segja, að bær hafi verið í *Hamraskógum*. Þeir eru sunnanmegin við Ljósá. Þar er enn óblásið, og gæti þar dulizt bæjarrúst. En eftir landslagi eru þó litlar líkur til þess. Nokkru sunnar er dalur vestur við fjótið og er nokkurt undirlendi í honum. Hann heitir *Húsadalur*, og fjekk það nafn af því, að Sæmundur bóndi Ögmundsson í Eyvindarholti (faðir sjera Tómasar sál. á Breiðabólstað) húsaði þar bæ og flutti þangað bú sitt, því honum litust landskostir þar fýsilegir. En vegna örðugleika þótti honum þar þó ekki verandi, er til kom, og flutti sig því að Eyvindarholti aftur eftir 1 eða 2 ár. Það sýnist næstum sjálfsgagt, að einn af fornþæjunum hafi verið í þessum dal. Forn rúst sjest þar raunar ekki; en það er ekki að marka: Sæmundur hefur að líkindum valið sama bæjarstæðið og byggt ofan á rústina, þó nú kunni fólk ekki frá því að segja. Sá bær hefir þá hlotið að vera miðbærinn í Þórsmörk; því nokkru lengra fram með fjótinu hefir verið fremsti bærinn. Þar heitir á Þurðarstöðum. Nafnið er órækur vottur þess, að þar hefir bær verið. En ekki er þar byggilegt nú á dögum. Það er í litlum krika, sem nú er ekki annað en moldarskriða. Rúst sjest þar ekki; en hún kann að vera hulin skriðu. Þó er hitt líklegra, að bærinn hafi staðið á undirlendi, sem fjótið hafi síðan farið yfir. Það er varla hægt að álíta Þórsmörk byggilega, án þess að hugsa sjer undirlendi vestan fram með henni allri, að minnsta kosti ofan frá Ljósá, og þegar fjótið hafði eyðilaggt það undirlendi, þá var það næg orsök til þess, að byggðin legðist niður. Það sjest líka af Lndn., að fjótið hefir til forna runnið talsvert vestar á þessu svæði en nú, því Ásgerður nam land til Jöldusteins; en nú er fjótið fyrir austan hann. Það er engin ástæða til að rengja það, að Jöldusteinn sem Lndn. nefnir, sje sami kletturinn, sem nú ber það nafn, því þó sumir hafi kallað hann *Lausöldu*, þá er það sprottið af misskilningi. Kletturinn er engin *aldalda*; en bin rjettnefnda *Lausalda* er þar á móts við úti

undir Fauskheiðar-rananum, en þó *laus frá honum* úti í aurnum. *Steinfinnstaðir* voru ekki á Þórsmörk, en þó fyrir innan landnám Ásgerðar. Þar heitir nú *Steinsholt* og *Stakkholt*. Getur verið, að nafnið *Steinfinnstaðir* hafi breyzt í *Steinsholt*. Í norðanverðu Steinsholti heitir *Hoftorfa*. Þar hefir því búið höfðingi, er hefir haft hof á bæ sínum. Rúst sjest þar engin, sem ekki er von; þar liggja nú skriðjökklar fram á lægstu hjalla, en jökulaur yfir undirlendi öllu. Áður hefir þó verið þykkur jarðvegur yfir þessu landi, og er enn eftir af honum dálítill torfa, sem liggur upp að há-hömrum hjá upptökum Steinsholtsár.

Þar sem Lndn. nefnir »bjór ónuminn milli Krossár og Jöldusteins«, þá er almennt talið vist, að þar sje átt við *Goðaland*. En það getur þó ekki verið nema því að eins að *Hvanná*, sem skilur Goðaland frá Stakkholti, hafi aldrei runnið saman við Krossá, eins og hún gerir nú, heldur fylgt Stakkholts-brúninni, og komið í fljótið hjá Jöldusteini, en *Krossá* hafi fylgt Þórsmörkur-brúninni og komið í fljótið dálítið norðar. Þá hefði hin langa og mjóa landræma milli ána óneitanlega átt skilið að nefnast *bjór*¹. En heldur er það samt ólíklegt, þó það sje ekki óhugsandi, að hún hefði haldið sjer saman hangandi svo langan veg milli slíkra straumvatna, sem þær ár eru. En hafi þetta ekki verið svo, hafi *Hvanná* runnið strax í Krossá, líkt og nú, þá er tvennt til: *ann-
aðhvort* er ritvilla í Landn., og á að standa: »milli Krossár og Hvannár« í staðinn fyrir: »milli Krossár og Jöldusteins«, *eða* »bjórinn«, sem Jörundur fór eldi og lagði til hofs, á ekki skylt við Goðaland — og satt að segja, gefur Lndn. ekkert tilefni til að ætla, að það sje eitt og hið sama. Nú er svo að sjá af Njálu, að alfaravegur hafi legið um Goðaland, og þá líka um Þórsmörk. En nú er Þórsmörk svo ill yfirferðar, og hefir vist allt af verið, að alfaravegur hefir þar naumast nokkurn tíma verið, nema því að eins, að hann hafi legið á undirlendinu, sem að öllum líkindum hefir verið vestan fram með henni. En þá gat hann heldur ekki komið á Goðaland, nema tangi þess hafi náð vestur undir fljót og verið sama sem »bjórinn«. Því »bjórinn« hefir hvort sem er hlotið að liggja þar út frá, og er því nú auri hulinn, eins og allt undirlendi á þessu svæði. *Langanes* heitir enn undirlendið inn með Markarfljóti fyrir innan Stóru-Mörk inn að Jökulsá, sem rennur í fljótið skammt frá Jöldusteini, og mun þó hafa runnið enn nær honum áður. Nokkru innar en í miðju Langanesi heita

1) Bjór mun vera sama sem mjó landræma.

»*Akstaðir*«, hefir þar bær verið, og vita menn nokkurn veginn, hvar hann hefir staðið; en nú er landið þar hulið skriðu. »*Akstaðir*« hafa án efa heitið *Askstaðir* rjettu nafni, en *s* heyrir svo ógjörla á undan *k*, af því annað *s* fer strax eftir, að það hefir fallið alveg burt með tímanum. Á þessum bæ hefir að líkindum búið sonur eða ættingi Ásgerðar, sem landið nam, og hefir borið nafn föður hennar (*Askur*). Má álíta þetta sönnun fyrir því, að þetta óvenjulega nafn sje rjett í Landnámu, og styrkir það trúverðugleik hennar. Lengra inn í Langanesi heitir Áslákshóll. Hann er blásinn. Þar hafa oftast en einu sinni fundizt fornmenjagripir, og munu sumir þeirra komnir í forngripasafnið, en suma á sonur Einars bónda í Stóru-Mörk og ætlar hann þá safnuinu.

II. Hoftóft(?) í Fljótshlíð.

Butra heitir bær í Fljótshlíð, skammt frá Teigi, og á engi niður með Grjótá. Þar í engjunum er tóftarrúst allmikil, sem menn halda að sje hoftóft. Hún snýr frá norðaustri til suðvesturs og hefir dyr á suðvesturendanum, en engar útidyr aðrar. Innar en í miðju er miðgafi með dyrum á. Lengd framtóftarinnar er hjer um bil 9 faðmar; lengd innri tóftarinnar 6 faðm., þykkt miðgafisins 1 faðm., svo að lengd allrar rústarinnar er um 16 faðm., en breidd hennar er 8 faðm. og er mælt út á veggja-brúnir. Þegar teini er stungið niður í tóftina finnst, að hún er af grjóti, og hefir það verið flutt frá Grjótá; nær er ekki grjót að fá. Því verður ekki neitað, að lögun tóftar þessarar líkist stekk. En bæði er þessi staður óhentugur til þess, og svo er rústin miklu meira mannvirki, en stekkjartóft mundi vera. Móti því, að þetta hafi verið hof, mælir ef til vill lögunin, og það að innri tóftin er svo stór og innangengt í hana. Þó mun mega ganga að því vísu, að lögun hofa, ekki sízt heimilishofa, hefir verið mismunandi, og sumstaðar hefir verið innangengt í goðasalinn úr samkvæmissalnum. Skammt fyrir utan Butru eru Arngeirsstaðir. Er líklegt að þar hafi búið *Arngæir* son Sæbjarnar goða, Hrafnssonar, Hængssonar. (Landn. V. 3.), og má telja víst að hann hafi haft hof nálægt bæ sínum. Gæti þetta verið rúst þess. Ekki er að marka þó hún sje ekki í Arngeirsstaðalandi nú. Bæði Butra og margir fleiri bæir þar í nágrenninu hafa

verið byggðir síðar. En ekki er hægt að fá neina vísu um þetta, því sögurnar vanta.

Guðmundur bóndi Guðmundsson í Teigi, greindur maður og fróður, sýndi mjer tóft þessa og gat þess um leið, að bráðum mundi vatnsveitingaskurður verða grafinn svo nálægt henni, að af þeim vatnsaga, sem þar af hlyti að orsakast, mætti búast við að tóftin yrði eftir eigi alllangan tíma niður sokkin og horfin með öllu. Kom okkur því ásamt um, að vert væri að geta hennar áður.

III. Þingskálapingstaður.

Af því Sigurður Vigfússon rannsakaði Þingskálapingstað 1883, gjörði jeg ekki uppdrátt af honum, en skoðaði hann þó og taldi þar yfir 40 búðatóftir, sem flestar liggja eins og í belti yfir um þvert túnið og niður með því að vestan. Sumar eru þó of- ar eða neðar. Gil hefir brotið sumar burt að mestu, og traðirn- ar liggja gegnum sumar. Búðir Njáls og Gunnars eru sýndar fyrir neðan bæinn og búð Marðar Gígju á að hafa verið þar sem bæinn er. Dómhringurinn á að hafa verið þar sem bæinn Kaldbak er, og þar í túninu eru fáeinar búðatóftir. »Blótsteinn« er sýndur í bæjarvegg á Þingskálum. Hann er úr »breccie« og því án efa aðfluttur.

Grafletrín á legsteinunum í Skálholti.

1. *Á steini Hannesar biskups.*

Hjer hvíla | mikil merkishjón | Dr. Hannes Finnsson | biskup
Skálholtsstiptis | og | Þórunn Ólafsdóttir | fædd | Stephensen | á-
samt | ungum öðrum syni þeirra | Ólafi | Hannes fæddist VIII
Maji MDCCXXXIX | Dó IV Áugust MDCCXCVI | Þórunn fædd-
ist VI Júnii MDCCLXIV | Dó VII Febrúari MDCCLXXXIV |
Hann var: | lærðra ljós, Íslands unan, allra góðra sómi | því mun
og angráðt Ísaland | lengi spyrja að líka hans, en lengur þreyja
| Hún var: | honum samvalin að hverri dyggð | og atgjörvi öllu
| jöfn að ástsæld og eptirsýnd | Báðum lík ekkjufrú | biskups
Hannesar | Valgerður Jónsdóttir | vífa þrýði | vonar að hvíla hjer
við hans síðu | undir þessum úthöggna steini | sem hún þeirra
setti moldum | Svolátandi grafletur setti MDCCC | Magnús Step-
hensen.

2. *Á steini Þórðar biskups* (er í 2 dálkum nema 2 efstu línur).

Sub hoc marmore conduntur cineres | conjugum nobiliss-
imorum | (1. dálkur:) viri summe venera | bilis amplissimi | mag.
Theodori Thorlaci | qvondam episcopi | Schalholtensis vi | gilant-
issimi qvi | natus Ao 1636 in | sula potitus Ao 1672 tori soci |
am duxit Ao 1674 | placide in domino | obdormivit Ao 1697 d.
16. martij | Ao ætatis 61 offi | cii 25 Conjugii 23 | Beati mortui
in | domino apoc. 14. 13. | (2. dálkur:) Matronæ orna | tissimæ
cunctisq | sexus sui virtuti | bus cumulativissimæ | Gudridæ Gislaviæ
| qvæ nata Ao 1651 | Conjugali toro | illata Ao 1674 cæ | lo
deniq post ex | actos in virgin | itate 23 conjugio | 23 viduitate
an | nos¹⁰ feliciter recepta est anno 1707 ætatis 56 | Ecce venio
cito | apoc. 22. v. 20.

3. *Á steini Jóns biskups Vidalins.*

Viro nobilissimo | summe venerando | et doctissimo | Mag

Johanni Widalino | Thorkilli f. | episcopo dioec. Skalh. dignissimo
 | qvi natus est anno MDCLXVI | sacerdotio initiatus Ao
 MDCXCIII | episcopus cathedram adiit MDCXCVIII | Decessit d.
 XXX aug. Ao MDCCXX | post annos XXI in conjugio | felicis-
 sime exactos | atqve sibi | monumentum | viva p. | uxor amantis-
 sima vidua moestissima | matrona nobilissima | Sigrida Johannis
 f. | Clama | qvid clamem carnis præstantia foenum | aflatu domini
 flos perit herba jacet | flos cadit herba jacet sic transit gloria
 mundi | Stabunt aeternum dagmata sacra dei.

4. *Á steini Jóns biskups Árnasonar.*

Sepulcrale hoc ornamentum | beatis cineribus | viri | nobilis-
 simi summe reverendi et doctissimi | Dni: Mag. Johannis Arnæi
 | rectoris qvondam scholæ Holens per annos XII | fidelissimi |
 deinde pastoris ecclesiæ Stadensis et præpositi to | parciæ Strand-
 ensis annos XIV | dignissimi | posteaqve antistitis dioeceseos
 Schalholt ann. XXI | vigilantissimi | mariti ut amantissimi | ita
 desideratissimi | qvi placidissime | in domino obdormivit | ad diem
 VIII februarii | anno Christi MDCCXLIII | ætatis lxxxix conjugis
 xl | et suis post mortem | viva posuit | vidua moestissima | Gud-
 runa Eneri filia | anno MDCCXLIV | Psalm xv. v. et seq. O re-
 rum sator alme tuæ qvis celsa sionis | tecta habitet? sanctiqve
 tui conscendere montis | culmina qvis poterit? Castam cui vivere
 vitam | contingit rectiqve tenax et nescia fraudis | lingua suo
 socio qvi toxica nulla propinat. | Hoc faciens solymæ sancta re-
 quiete fruetur.

5. *Á steini Sigfúsar Þórðarsonar.*

Viro | consultissimo prudentissimo | et piissimo | Sigfuso Theo-
 dorico | redituum almae cathedrae Skal- | holtinae procuratori
 fidelis | simo nato anno MDCXLIX de | nato Ao MDCCII marito
 desi | deratissimo ac sibi | uxor castissima | vidua moestissima |
 Gudruna Jonæ f. | saxum | viva posuit mortuis | qvos sociavit . .
 . . | consortes hicce locus | non potui tecum conjux subli-
 mis abire | sed me Christe suo tempore posse juva.

6. *Á steinbroti Jóns Halldórssonar(?)*

Marit . . . Ao Chr. mdc . . . Febr. . . aet. tr . . . off. . .
 Vte Dum. . . proficiscitur gine deceptus fluente Olvæsaø
 mergitur Foena(?) . . . lectiss. Ingebiarga Jonæa vidua moéstiss
 unius ex illa posthumæ prolis mater et. . . .

Grafletrín á legsteinunum í Bræðratungu.

1. *Á steini Hákonar Gíslasonar.*

Her hvíler under | sá ættgöfugi—og gudhrædde | hofdingsmann Hakon | Gíslason hvor edvar sýslumadur | Rangvellinga hvorn Gud bort | kallade a 39. are hans aldurs | than 28. septembris 1652 |

[Nú kemur skjöldur, sem tveir englar(?) halda á lofti, og stendur efst á honum H G. H M. en neðar stærri stafir, bundnir, H G M D. — Fyrir neðan skjöldinn er:]

Hans dygdaríka ektakvinna sú gofuga hofdings matrona Helga Magnúsdóttir lét þen | an líkstein utflíta hvor sidar í Jesu Chri | sto sætlega sofnade þann 2. nó | vembris 1677 a 54 are síns aldurs biidande hier a | samt sínum ektamanne | og undanfornum bornum | gledelegrar upprisu. |

2. *Á steini Jarþrúðar Hákonardóttur.*

D. O. M. S. | Her under hvíler gudhrædd ættgotug og | dygdug hofdingskvinna Jarþrudur | Hákonardóttir hveria drottinn í H. | ektaskap leisti frá þremur lífsfostrum en | með því fiorda í himneska dird innleiddi far | sallega a sínu 35 aldurs are. þann 3. maí 1686 ad | kvöddum sínum eptelatnum sorgande ekta | manne Magnúse Sigurðssíne og odru þeirra folke talande þessum ordum sidast: Fader í þínar hendur fel eg minn anda. Luc. 23. Mat. 31.

[Nú kemur lítill skjöldur, er tveir englar halda. Þar á er: Jarþrudur | Hákonar | dóttir. Þá er aftur fyrir neðan:]

En eg trúi það þó ad eg mune | fa ad sía godsemd drottens a iord | lítande manna Mat 27 | Meritus Mæstiss. |

Grafletur á legsteini Gríms prests Jónssonar á Húsafelli,
eptir skýrslu lectors Þórhalls Bjarnarsonar.

EPITAPHIUM
VIRI HONORA
TI ET PII DÑI
GRIMI JONAE
QUI SUAE PEREGRINA
TIONIS ANO LXXIII
OFFICII VERO XXX

VIII AÑO CHRISTI
MDCLIV 12. AUG. HOR
6 P. MĒD OBDOĪVIT
CVIVS OSSA SUBTER
HAC PETRA EXPECTAT
RESURRECTIONEM

Gróið var yfir jaðrana. Framanskrifað letur nokkuð skemmt, en þó læsilegt. Að auki voru 4—5 línur neðst á steininum með öllu ólæsilegar.

Grettisbæli í Sökkólfssdal.

Svo segir í Grettissögu, 67. kap.: »Reið Grettir þá suður Holtavörðuheiði, ok ætlaði að hefna Hallmundar ef hann hittí Grím. En er hann kvam í Norðurárdal, frétti hann at Grímur var fyrir tveim vetrum eða þremur á burt þaðan, sem fyr var sagt Snéri hann (Grettir) þá til Breiðafjarðardala, ok hafðist við í Austrárdal ok sætti þeim mönnum er fóru yfir Bröttubrekku«. Annað handrit hefir: »Sökkólfssdal« í staðinn fyrir Austrárdal, og dettur manni strax í hug, að það muni vera rjettara, þar eð vegurinn liggur um Sökkólfssdal, en eigi um Austrárdal. Þó mætti líka ímynda sjer, að Grettir kynni að hafa haft aðsetur sitt í Austrárdal, sem er afdalur austur úr Sökkólfssdal, og gjört þaðan úthlaup til að ræna ferðamenn, sem fóru um veginn. Hvar hann var, þegar Þóroddur Snorrason kom til hans, er ekki nákvæmlega ákveðið, enda stæði á sama þó svo væri; ekkert yrði af því ráðið um það, hvar Grettir »hafðist við«, því þaðan gat verið lengra eða skemmra þangað, sem þeir hittust. En hjer vill svo vel til, að vegsummerki sýna enn í dag hvar það var, sem Grettir »hafðist við«. Það var í Sökkólfssdal. Þar heitir enn í dag *Grettisbæli* og sjer þar votta fyrir skálatóft hans.

Vegurinn suður eftir Sökkólfssdal liggur fyrst austanmegin árinna, sem rennur eftir dalnum, er þá farið þvert fyrir mynni Austurárdals og svo vestan undir múla þeim, er skilur dalina, þá vestur yfir ána og inn eftir dalnum vestanmegin hennar. Þá er þar er komið, blasa við í hlífðinni hinum megin skriðu-hólar miklir. Hefir löngu tyr en landið byggðist, sprungið þar úr fjallsbrúninni stykki allmikið og hrapað niður; hafa skriðu-hólarnir myndast úr því, er það muldist sundur. Hólarnir ná upp að hömrnunum, sem mynda efstu brún fjallsins. Að ofan mynda þeir flatt þrep eða lítinn hjalla upp við hamrana; er það grasi-vaxið og meir en hálf dagsláttu að stærð. En svo hátt er þetta uppi í fjallinu, að neðan af veginum að sjá ber hólana við fjalls-

brúnina, svo þrepsins gætir eigi. Þess síður hefir á því borið þá, er allt var skógi vaxið. Nú á dögum er Sökkólfsdalur raunar skóglaus; en í Reykjadal, við hliðina á honum, eru skógarleifar; nú er líka skóglaut í Þykkvaskógi; en nafnið sýnir, að í fornöld hefir þar verið *þykkur skógur*. Sökkólfsdalur hefir því óefað einnig verið skógi vaxinn á Grettis dögum og skriðuhólarnir sem annað og þrepið uppi á þeim. Hefir þar því verið hinn hentugasti staður fyrir skógarmann. Hann þurfti eigi annað, en líta fram af þrep-brúninni, til þess að sjá hvern, sem um veginn fór, en gat sjálfur dulizt sem honum sýndist. Og þó menn hefði orðið þess vísari, hvar hann hafði aðsetur, þá var hann þar eigi auðsóttur. Raunar er þrepið sjálft eigi gott vígi fyrir einn, ef margir sækja, því allstaðar má upp á það komast; en þá var skammt til vígis upp undir hamarinn; hann er þar háur og þvernýptur og á einum stað skora inn í hann eftir leysingarvatn; þar er einum manni auðvelt að verjast fyrir fjölmenni í högga skiftum. Þenna stað hefir Grettir valið sjer til aðseturs og gert þar skála. Hefur hann verið ólíku betri en Grettisbæli í Axarfjarðarnúpi er lýst. Það virðist eigi hafa verið ætlað til langrar dvalar. En hjer mun Grettir hafa hugsað sjer að dvelja lengur en raun varð á. En eigi var von að sá maður, sem lifði af því, að ræna ferðamenn, gæti haldist við á sama stað til lengdar. Umferð tókst af hvervetna þar, sem ófriður lagðist á, og svo mun hjer hafa orðið.

Skálatóft Grettis á þessum stað er nál. 4 faðma löng og 2 faðm. breið út fyrir vegg. Innanmál er eigi hægt að sjá nema rífið væri til; því skálinn hefir fallið inn. Og svo er tóftin nú orðin niður sgin, að eigi ber hærra á henni, en þúfunum, sem í kring eru. En þegar að er komið, sjest hún samt glögg öll nema vesturhornið, það er nokkuð óglöggt, og munu þar hafa verið dyr skálans. Tóftin virðist vera úr grjóti einu, en er nú alþakin mosa. Hún er nokkuð norðar en á miðju þrepinu og nokkuð nær brún þess en hamrinum. Þó hefir skálinn eigi sjest neðan af veginum. Jeg skoðaði þenna stað 25. ágúst 1888, að tilvísun sjera Jakobs Guðmundssonar á Sauðafelli og Sumarliða bónda á Breiðabólstað. Eigi hreifði jeg neitt við rústinni.


Br. J.

Líkneski

Ólafs konungs hins helga Haraldssonar.

Eptir

Pálma Pálsson.



Af útlendum dýrlingum hefir enginn komizt til slíks vegs og gengis hér á landi sem Ólafur Noregskonungur Haraldsson, enda hefir án efa enginn þeirra haldið tign sinni óskertri jafnlengi sem hann, því að hann var dýrkaður hér og hans árnaðarorða leitað jafnt af háum sem lágum frá því er helgi hans kom fyrst upp á öndverðri 11. öld og þar til er kaþólsk trú var hér brotin niður með ofríki á miðri 16. öld eða full 500 ár. En margt mun hafa borið til þess að Ólafur konungur varð Íslendingum þegar í öndverðu einna kærastur allra helgra manna eigi síður en Norðmönnum sjálfum, því að bæði hafði hann alla þá tíð, er hann sat að ríkjum, verið vinveittur Íslendingum þeim, er sóttu hann heim, gert suma þeirra að hirðmönnum sínum eða trúnaðarmönnum og veitt öðrum stórgjafir, og af annari hálfu var kristnin hér á landi ung og magnlítill, þá er helgi hans kom upp, og hafa klerkar því tekið fegins hendi þeim boðskap að hann hefði lagt líf sitt í sölurnar fyrir sannindum réttar trúar og dáið píslarvættisdaða, því að það hlaut að geta orðið hinn mesti styrkur kristninni, eptir því sem hugum manna var varið á þeim öldum, ef slíkur maður sem Ólafur konungur yrði viðurkendir sem guðs dýrlingur og árnaðarmaður allra sanntúaðra manna fyrir guði, því að:

hann um getr
af guði sjálfum
ár ok frið
öllum mönnum,

svo sem Þórarinn loftunga komst að orði skömmu síðar (Hkr. Ó H. k. 259), og þá var enginn slíkur innlendur dýrlingur til orðinn í Noregi eða á Nordurlöndum, er fyllilega mætti treysta í þeim efnum. En atburðir þeir, er gerðust í falli Ólafs konungs á Stiklastöðum miðvikudaginn 29. júlí 1030 (sbr. Maurer, Bekehrung II, 533—40), urðu með svo skjótri svipan og jartegnin þær, er birtust bæði vinum hans og óvinum þegar eptir líflát hans, þóttu svo glöggar, að nálega enginn af mótstöðumönnum hans þar í landi dirfðist að bera brigð á að hann væri sannheilagur orðinn af verkum sínum hér í lífi, og sumir þeirra manna, er höfðu veitt honum mestan mótgang í lífanda lífi, svo sem þeir Kálfur Árnason og Þórir hundur, urðu hinir mestu styrktarmenn hans eptir dauðann, er þeir sáu að hið útlenda vald, er þeir höfðu gefizt undir, hvergi nærri mundi verða þeim að óskum, enda var þess eigi langt að biða að helgi hans væri algerlega viðtekin í Noregi, því að rúmu ári síðar eða 3. ág. 1031 var »heilagr dómr« hans tekinn úr jörðu og var þá óskaddaður og ófúinn með öllu og sáu menn «at síðan hafði vaxit hár ok negl, því næst sem þá mundi, ef hann hefði lífs verit hér í heimi alla þá stund síðan er hann fell» (Hkr. Ó H. k. 258); síðan var líkama hans veittur sæmilegur umbúnaður yfir háaltari í Klemenskirkju í Niðarósi, en nokkurum árum síðar var hann fluttur til Mariúkirkju og á dögum Ólafs kyrra Haraldssonar var hann enn af nýju fluttur til Kristskirkju eða Ólafskirkju í Niðarósi, er síðan varð höfuðkirkja þeirra landa, er lutu erkibiskupsstólnum í Niðarósi, en það var Noregur allur, Ísland, Grænland, Færeyjar, Hjaltland og Orkneyjar, og í þeirri kirkju var heilagur dómur hans varðveittur, þar til er skrin hans var rænt öllum gersemum í gulli, silfri og dýrum steinum á siðbótartímunum og líkami hans loks árið 1568 grafinn í jörð í kyrþey og veit nú engi hvar leiði hans muni vera. En til marks um ást þá, er Íslendingar höfðu á Ólafi konungi bæði lífs og líðnum, má geta þess að ort voru eigi færri en 12 kvæði um hann á 11. og 12. öld (þar á meðal Geisli Einars prests Skúlasonar) og frá síðari tímum (14. og 15. öld) eru til um hann að minsta kosti 6 kvæði (þar af 2 fornkvæði (Ísl. fornkv. II, nr. 50 og 51) veraldlegs efnis).

Enda þótt Ólafur konungur væri aldrei á löglegan hátt og eptir venju kirkjunnar settur í tölu heilagra manna alla þá stund, er kaþólsk trú stóð á Nordurlöndum, og eigi fyr en 1893, svo sem kunnugt er, þá er þess þó hvergi getið að yfirstjórnendur kirkjunnar í Rómaborg hafi ýfzt við helgi hans eða rengt

framburð þeirra manna, er héldu henni á lopt og trúðu að hann væri heilagur maður, heldur styrktu þeir miklu fremur þessa skoðun (sbr. páfabréf frá 1255, 1266 og 1302 í Dipl. Norv. III, nr. 5, 9 og 50), enda fór svo þegar fram í sótti, að hann var dýrkaður í nálega öllum löndum hins kristna heims, þótt mest kvæði að helgi hans hér á Norðurlöndum og þá einkum þar sem vald erkibiskupsins í Niðarósi náði yfir. Þar voru honum eignaðir 2 dagar á ári hverju og háttíðlegir haldnir svo sem fremst voru föng á, einkum í Niðarósi. Þessir dagar voru Ólafsmessa hin fyrri á ártíð hans eða andlátsdegi 29. júlí (festum passionis) Sancti (beati) Olavi) og Ólafsmessa hin síðari eða efri 3. ágúst (festum translationis (inventionis) Sancti (beati) Olavi), svo og báða fyrirfarandi daga (Ólafsvökur); enn fremur hafa verið sungnar Ólafstíðir hvern miðvikudag til minningar um líflát hans, að minsta kosti í þeim kirkjum, er sérstaklega voru helgaðar honum, og eru til enn í dag töluverðar menjar þeirra tíða (les og söngvar).

Hér á landi voru honum svo sem öðrum höfuðdýrlingum og máttarstólpum kristninnar í kaþólskum sið helgaðar margar kirkjur og þar með honum fólgnað á hendur til varðveislu fremur öðrum helgum mönnum. Eru það eigi færri en 30 kirkjur, sem honum hafa verið helgaðar einum og engum öðrum, en fyrir víst 20 aðrar voru honum helgaðar ásamt með öðrum, einum eða fleiri í hverjum stað, og eru þó ótaldar þær kirkjur, er voru helgaðar öllum heilögum í sameiningu. Í flestum þessum kirkjum eða öllum, þótt nú verði það eigi beint sannað, munu hafa verið líkneski Ólafs konungs eða að minsta kosti litmyndir (skriptir) af honum, því að í kaþólskum sið höfðu menn nálega í hverri kirkju eitthvert þvilíkt sýnilegt tákni einhvers dýrlings og þá helzt þess, er kirkjan var helguð. Hér á landi sýnast skriptir þessar af helgum mönnum að hafa verið miklu algengari en líkneski, enda hafa þær eflaust verið miklu ódýrari; í sumum kirkjum voru jafnvel margar skriptir, þótt þar væri ekkert líkneski, að því er séð verður af máldögum kirknanna. Nú munu allar þessar skriptir vera glataðar en nokkur líkneski eru enn eptir, helzt af þeim mönnum, sem nefndir eru í bifliunni, svo sem Kristi, Maríu, postulunum og ýmsum öðrum. Af Ólafi konungi voru til líkneski bæði á Sjávarborg í Skagafirði (1399), á Höfðabrekku (1352 og áður), í Bláskerjum (1397) og í safninu hér er líkneski frá Vatnsfjarðarkirkju og svo:

líkneski Ólafs hins helgu frá Kálfafellsstað,

er safnið eignaðist 1888. En af því að líkneski þetta er eitt hið merki-
legasta, sem safnið á, skal lýsa því hér nokkuð gerla. Það er sjálft
95 sm. á hæð, kórónan 6 sm. á hæð upp á hæsta lauf, en fótstall-
urinn er 32 sm. á hæð og 22×19 sm. í þvermál um mjóddina. Handleggirnir og allir fingur á vinstri hendi, nema þumalfingur,
kórónan, barmarnir á skikkjunni, og hægri ristin og öll fram-
hornin á fótstallinum hafa verið sett við eða aukin á sjálft líkn-
eskið og nelgt með járnnöglum, en fingurnir með látúnsnöglum;
þar að auki eru aukarnir á börmunum samsettir úr 3 pörtum
hvor og sýnist þó alt vera jafngamalt. Kórónan virðist hafa
verið mjög gullroðin, en gyllingin er nú víðast horfin. Ólafur
konungur er hér með mikið hár og sítt og fellur það í fögrum
liðum niður á herðar; hann hefir alskegg og er hökuskeggið sítt
og stendur nokkuð fram, hátt enni og nefið beint og hátt fram-
an. Hann er í rauðri skikkju eða kápu skósiðri, með víðu háls-
máli og hettu aptan á herðum; kápan er fóðruð innan að því er
virðist með loðskinnum og sér sumstaðar í svarta hnökra, sem
ef til vill eiga að tákna röggvar í fóðrinu; öll er kápan sett upp-
hleyptum laufum, sem eru gylt ofan; ermarnar eru víðar mjög
að framan og þar með uppslögum (hlöðum, hlaðbúin) og liggja
þar samfeldir rósasveigar, upphleyptir og gylltir ofan, yfir um
þverar ermarnar; innan undir kápunni er hann í skósiðum kyrtli
með víðri höfuðsmátt bryddri og er hann ljósgrár að lit og er al-
settur samskonar laufum, sem eru á kápunni; hann hefir belti
um sig miðjan utan yfir kyrtlinum og sjást á því háir stokkar
gyltir með bilum í milli og breytilegri gerð; hann hefir lága skó
eða bóta á fótum og hafa sólarnir verið rauðir utan, en annað
svart. Í hægri hendi heldur hann á lítilli stöng, sem er hol inn-
an og með gyltum hnúð og skorum á efri enda, og mun það eiga
að tákna veldissprotta; en að líkindum mun hann hafa verið
lengri upphaflega; í vinstri hendi hefir hann og haldið um skapt,
sem hefir verið tólavert digrara en veldissprotinn; en vant er að
segja, hvað það muni helzt verið hafa; á litmyndum þeim og lík-
neskjum, sem enn eru til af Ólafi konungi, bæði innlendum (svo
sem í A. M. 157 a, 4to, Konungssafni (G. kgl. saml.) 3274 a, 4to,
Jónsbókarútg. 1578, 1707, 1709, og víðar) og útlendum (sbr. L.
Daae, Norges Helgener, bls. 123 og frv.), er hann ýmist mynd-
aður með veldisknött, krossknött, steina (Olafssteina), kross, kal-
eik, fána eða öxi og treður opt dreka undir fótum sér. Eptir
því sem ráða má af stellingum þeim, sem höndin og handlegg-
urinn er í, þá virðist sennilegast að hann hafi haldið um kross

eða axarskapt, en öxin er mjög algeng einkunn hans og mun hún eiga að tákna öxina Hel, ágætt vopn, er Ólafur konungur bar í orrustum og þótti sigursæl (sbr. Hkr. M G. k. 29). Á fótstalli líkneskisins stendur með upphleyptum stöfum, er virðast hafa verið gyltir, en stallurinn að öðru leyti svartur: SANCTUS OLAUS REX NORVEGIÆ.

Nú er líkneski þetta orðið töluvert laskað. Lithúðin utan á því hefir verið töluvert þykk, hvít innst og hinir aðrir litir þar utan á; en þessi húð er nú víða flögnuð utan af, einkum á fótstallinum, og er búið við að meira detti burt af henni, er fram líða stundir; þó mun víðast hvar mega sjá, hvernig líkneskið hefir verið litt upphaflega. Þumalvingur og litlifingur á hægri hendi eru brotnir af að mestu, og á vinstri hendi er þumalvingur brotinn en hefir verið festur við aptur með járnnacla; þrjú hornin af fótstallinum, sem hafa verið aukin á upphaflega, eru nú glötuð og framan úr handkrikanum hægra megin hefir flaskazt stórt stykki, sem nú er glatað, og víðar hafa flaskazt úr smáflisar. Laufin á kórónunni eru öll brotin af að meira eða minna leyti, nema eitt er heilt að mestu, og má því sjá, hvernig hún hefir verið upphaflega.

Í sögunum er Ólafi konungi svo lýst, að hann hafi verið »ekki hár meðalmaðr ok allþrekligr, sterkr at afli, ljósjarpr á hár, breiðleitr, ljóss ok rjóðr í andliti, eygðr forkunnarvel, fagreygr og snareygr, svá at ótti var at sjá í augu honum, ef hann var reiðr» (sbr. Hkr. ÓH. k. 3). En þótt lýsing þessi sé glæsileg og fagurlega orðuð og sýni, hvernig menn hér á landi á 13. öld hugsuðu að Ólafur konungur hefði verið ásýndum, en sögusagnir um vöxt hans og burði gátu hafa haldizt óbrjáláðar að mestu til þess tíma, og þótt líkneskið sé yfir höfuð mjög vel gert og sýni íturvaxinn mann, þá ber þó ýmislegt í milli, svo að lítill eða engin líkindi eru til að líkneskið sé gert eptir fornum lýsingum af Ólafi konungi; líkneskið er t. d. miklu fremur af langleitum manni og toginleitum, en »breiðleitum«, og það virðist fremur eiga að sýna háan mann og grannvaxinn, sem þó svarar sér fullvel, en Ólafur konungur var »ekki hár meðalmaðr ok allþrekligr« og kallaður »hinn digri«.

Það eitt verður sagt um aldur líkneskis þessa, að það mun varla vera eldra en frá 15. öld, enda er þess hvergi getið í fornum máldögum kirkjunnar á Kálfafellsstað og eru þó til 3 máldagar þeirrar kirkju frá 14. öld eða 1343 (Dipl. Isl. II, nr. 494), 1367 (s. st. III, nr. 191) og 1397 (Vilkinsmáldagi) og er ó-

hugsandi að slíks grips væri eigi getið í neinum þeirra, ef hann hefði þá verið til, þar sem þeir nefna Mariuskript, skrin og marga aðra gripi, er kirkjan átti ómerkilegri, enda eru flestir hinir fornu máldagar næsta glöggir í þeim efnum. Í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá 1575 er þess að vísu heldur ekki getið, en biskupinn sleppir af ásettu ráði slíkum gripum kirknanna optast nær úr máldögum sínum, því að þeir þóttu á hans tímum orðnir einskisvirði og varla í kirkjum hæfir. Af vísitazíu Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641 má sjá að kirkjan hefir átt »lítið líkneski yfir altari;« en það mun varla vera það sama sem hér er um að ræða, heldur eitthvert annað. Það mun og næsta efasamt að líkneskið sé smíðað hér á landi, enda þótt margur hafi hér verið maðurinn hagur bæði fyrr og síðar, enda munu flest hin stærri líkneski hingað komin frá útlöndum svo sem flestir aðrir skrautgripir kirkna á fyrri öldum, því að þótt nokkuð hafi verið smíðað af slíkum gripum hér á landi (sjá t. d. Biskupas. I, 132, 143—4), þá munu þó forfeður vorir jafnan hafa orðið líkt og Norðmenn að fá meginíð af þeim sunnan úr löndum (sbr. L. Dietrichson, Den norske Træskjærerkunst. Kr. 1878, 63. bls. Bang, Udsigt over den norske kirkes historie. Kr. 1887, 178—9. bls.).

Að lokum má geta þess að nokkurar sagnir hafa gengið um líkneski þetta í Skaptafellsýslu, enda var eigi laust við að menn hefðu átrúnað nokkurn á líkneskinu áður fyr, jafnvel fram á daga þeirra manna, er nú lifa, og skal nú greina það, sem markverðast er af þessum sögnum, helst eptir frásögn síra Jóns prótast Jónssonar á Stafafelli.

Það er gömul sögn í Suðursveit að systir Ólafs konungs hins helga hafi verið völva og sé grafin í Hellatúni nálægt Kálafellsstað; er sagt að maður hennar hafi heitið Kálfur og sé grafinn í Kálfagróf, sem er lág milli Kálfatells (innra) og Kálfafellsstaðar (í mörkum, þar sem túnin liggja saman). Segja menn þau álög hafa verið á Kálfafellsstað að enginn prestur mætti vera þar lengur en 20 ár, því að þá yrði honum ekki sjálfrátt (☉: hann ærðist), en hún hafði þá lagt það til að líkneski Ólafs konungs bróður síns væri fengið og sett í kirkjuna og mundu þá linast þessi ummæli. — Sumir segja að völvan hafi búið á Kálfafellsstað og átt hálfá jörðina, en prestur einn, er þangað fluttist, hafi bægt henni burt þaðan og þá hafi hún mælt svo um að stórkostleg óhöpp skyldu henda hvern prest, er þar væri lengur en 20 ár, enda hafi þau ummæli orðið að áhrinsordum,

er svo bar undir. En þá tók prestur einn á Kálfafellsstað það ráð til að létta af þessum ófögnuði að hann fékk líkneski þetta til kirkjunnar, enda hafði prestum þar eigi orðið meint við síðan, þótt þeir væru þar lengur en áður var sagt.

Líkneskið hafði staðið á kórbitanum í kirkjunni og sneri fram; hafði margt gamalt fólk, sem lifði fram á vora daga, hneigt sig fyrir því, er það gekk í kirkju; en þegar gamla kirkjan var rifin fyrir nokkurum árum og önnur ný gerð í staðinn, þá var líkneskinu snúið við og látið vita inn að altari; kunnur sumir þessu illa og þótti sem það mundi verða upphaf að einhverjum óhöppum, enda fauk sú kirkja sömmu síðar (7. jan. 1886) og brotnaði í spón, en líkneskið fannst eptir veðrið úti í skaffi, stóð þar upprétt og hafði ekki sakað. Þótti mönnum þá sem enn væri eigi þrotinn krapur Ólafs konungs, er hann lét líkneski sínu þyrmt í slíkum voða. — Sú er önnur sögn um líkneskið, að Kristján Vigfússon prests Benidiktssonar, sem fyrst var settur sýslumaður í Austur-Skaptafellssýslu (1798—1804), síðan hreppstjóri í Suðursveit og síðast niðursetningur, hafi af gáska höggvið fingur af líkneskinu og orðið af því ólánsmaður, en síra Þorsteinn Einarsson, er þar var prestur löngu síðar, hafi látið smíða þá af nýju; en þetta mun eigi rétt, því að allir fingurnir virðast vera frá sama tíma og hefir prestur því að eins látið festa við aptur hina gömlu fingur. Aptur á móti var það trú manna að eitthvert happ hlytist af því, ef hlynt var að líkneskinu eða væri því á annan hátt einhver sómi sýndur.

Kistuhlið frá Hlíðarenda.

Eptir

Pálma Pálsson.

Það er framhlið af kistu, 4 sundurlausar fjalir, sem nú eru negldar á umgerð til að halda þeim saman í upphaflegri mynd. Þrjár fjalirnar liggja á rönd hver uppi yfir annarri og eru miðhluti kistunnar, þær eru 1,30 m. á lengd og allar til samans 1,08 m. á breidd, þar sem neðsta fjölin er ósködduð; en hin fjórða rís við enda þeirra og er 26 sm. á breidd og er nú lítið eitt styttri en breidd hinna; við hinn endann hefir verið samskonar fjöl, en er nú glötuð. Allar eru fjalirnar úr eik. Á láréttu fjalirnar eru skornir 5 húsgaflar með sperrupaki og jafnháum turnum með hvassbogahvelfingum í milli; neðan undir hverju risi eru 3 litlar hvassbogahvelfingar, er ná upp undir þakskegg, en þar fyrir ofan, undir risinu, er afarstór hringur og rósagluggi innan í; en rósirnar innan í gluggunum eru ekki allar með sömu gerð, heldur eru höfuðdrættirnir í þeim: þríhyrningur, kross, víxlagðir þríhyrningar og vantar þar efsta geirann, sem ætti að vera undir skránni, fimtblöðuð rós og ferhyrningur. Undir þessum hvelfingum er hár grunnmúr, sem skipt er sundur í 14 jafna kafla ferhyrnda og 4 blöð í hverjum. Upp úr risunum standa 3 blöð hvoru megin og 1 upp af hverri bust eða mæni og sömuleiðis upp úr turnunum; þau eru þrí- og fjórskipt og sum með blómknöppum (sbr. Worsaae, Nord. Oldsager. Kh. 1859 nr. 606) en í milli bustanna og turnanna eru mynduð kynleg dýr, öll með sama skapnaði, fuglshaus og löngu nefi flest og þó með eyrum, hálsinn langur og digur, en búkurinn lítill, skottið langt og mjótt í endann, en digurt upp; þau hafa 2 fætur með klóm og eru vængjalaus. Á endafjölinu eru skorin 3 kynjadýr; efsta og neðsta myndin eru drekar með vængjum og stórum hrömmum; á efra

dýrinu er mannshöfuð með kollháan hatt á höfði og stórt skygni fram af, en á hinu neðra er fuglshaus; miðmyndin er af annarskonar dýri og er á því fuglshaus með löngum fjaðraskúfi, er stendur beint upp; skottið er langt og mjótt og breiðkar í endann og klofnar þar í þrent; það sýnist helzt hafa 4 fætur eða hramma. — Skrá afarstór og með óvanalegri gerð hefir verið fyrir kistunni.

Kistufjalir þessar eru komnar til safnsins 1883 frá Hlíðar-enda í Fljótshlíð og var kista sú, sem þær eru úr, höfð þar í bæjardyrum og mun hafa verið orðin fúin og ónýtt, er fjalirnar voru teknar. Er eigi ólíklegt að kistan hafi upphaflega verið skrudkista í kirkju þeirri, er var á Hlíðar-enda í kaþólskum sið, en kistan mun hafa verið smíðuð um 1400 eða um það leyti, er gotneskt lag tók að ryðja sér til rúms hér á landi, einkum á ýmsu kirknaskrauti, og gæti því verið kista sú, sem Vilkinsmáldagi (1397) segir að kirkjan eigi; en það er bert að hún er gerð á þeim tímamótum, því að blöðin á grunnmúrnum (sbr. Worsaae, Nord. Oldsager. Kh. 1859, nr. 527) og dýramyndirnar eru annars ekki tíðkaðar á gripum með gotnesku lagi, heldur er það alt miklu eldra.

Dúkur frá Höfðabrekku.

Eptir

Pálma Pálsson.



Hann er alhvítur, úr smágjörvu hörlérepti, 1,82 m. á lengd og 78 sm. á breidd eða því sem næst, því að hann er nú allur misteygður, svo sem myndin sýnir. Úr léreptinu sýnast vera dregnir þræðir á víxl, svo að ferhyrnd augu verða í milli, og síðan saumað eða vafið stórgerðum þræði utan um þá þræðina, sem eptir voru, en þar sem myndir eru eða rósir eða stafir eru augun alveg fyllt með stórgerðum þræði. Ræmurnar að ofan og neðan eru saumaðar við síðar með sama þræði sem er í út-saumnum. Miðræman hefir að líkindum hvorki verið breiðari né lengri en hún er nú. Á hliðaræmunum að ofan og neðan stendur með stóru og glöggu letri:

Sist * er * næsta * savmvrin * friidvr * sannli*

d * eg * þo * ei * at * siidvr * hvar * sem * þetta * er * f *

Þetta er upphaf á vísu; en síðasta orðið í fyrri línunni (sannli) virðist eigi geta átt við fyrsta stafinn (d) í hinni síðari, og er hér því um tvær skýringar að velja, annaðhvort er *sannli-d* misritað fyrir *saumað* = *saumada* eða hér vantar orð í á milli og hafi þau staðið á sérstökum ræmum, sem hafi verið saumaðar á endana. Hliðaræmurnar eru skeyttar saman og eru samskeytin milli *v* og *r* í orðinu *friidvr* og milli *þ* og *e* í orðinu *þetta*; en svo hefir þetta verið gert upphaflega. Í miðræmunu eru saumaðar dýramyndir innan í hringunum: örn eða gammur, tveir drekar með vængjum og tveir fuglar (dúfur) fyrir ofan, tveir vargar eða önnur óarga dýr og síðast dreki með vængjum

og löngum hala. Bilin í milli hringanna eru fyllt upp með samkynja fjórblöðuðum rósum.

Dúkur þessi var áður hafður fyrir altarisklæði í kirkjunni á Höfðabrekku og mun vera kominn til safnsins 1881. Hann er mjög vel gerður og lítið slitinn til þess að gera. Myndirnar og rósirnar eru með býzönsku lagi, og dúkurinn gæti fyrir þá sök verið æfagamall (sbr. Worsaae, Nord. Oldsager. Kh. 1859 nr. 545), en mun varla vera eldri en frá fyrri hluta 16. aldar, að því er ráða má af letrinu og stafsetningunni á vísunni; þessi still hélzt hér ómengaður miklu lengur en annarsstaðar. Að líkindum hefir þessi dúkur ekki upphaflega verið altarisklæði, heldur miklu fremur veggjald í stofu eða eitthvað þesskonar.

Skýrsla.

I. Ársfundur fjelagsins.

Á ársdegi fjelagsins 2. ág. 1894 var ársfundur þess haldinn. Formaður gat um að í Árbók fjelagsins kæmu nú skýrslur um rannsóknir Brynjólfs Jónssonar í fyrra sumar; nú væri Brynjólfur á ferð fyrir fjelagið norður í Húnavatnssýslu að rannsaka sögustaði þar og spyrja upp forgripi. Minnst var á tölu fjelagsmanna og lagður fram endurskoðaður reikningur fjelagsins fyrir 1893 og þess getið, að töluvert hefði greiðst af útistandandi tillögum; væri það bæði að þakka góðum vilja margra fjelagsmanna og sjerstaklega fjehirði fjelagsins. Varaformaður fjelagsins, hjelt fyrirlestur um myndir af nokkrum forngripum, er nú fylgja Árbók fjelagsins.

II. Reikningur fjelagsins 1893.

Tekjur:

1. Í sjóði frá f. á.	kr.	172,22
2. Tillög og andvirði selda árbóka (fskj. 1)	—	373,00
3. Styrkur úr landssjóði 1893	—	300,00
4. Styrkur úr landssjóði, samkv. fjárukalögum fyrir 1890—91	—	600,00
5. Vextir í sparissjóði til ³¹ / ₁₂ 1893	—	3,48
	Kr.	1448,70

Gjöld:

1. Kostnaður við Árbókina 1893, undirbúningur til prentunar, prentun, útsending (fskj. 2—4)	kr.	485,00
2. Greitt ekkju Sigurðar heitins Vigfússonar fyrir ritgjörð í Árbók 18 ⁸⁸ / ₉₂ (fskj. 5)	—	40,00
	Flyt: kr.	525,00

	Flutt: kr. 525,00
3. Greitt Brynjólfi Jónssyni fyrir fornleifarannsóknir 1893 (fskj. 6)	— 70,00
4. Ýmisleg útgjöld (fskj. 7—10)	— 11,41
5. Í sjóði 31. desember 1893:	
a, geymt í sparissjóði	kr. 709,24
b, geymt hjá fjehirði	— 133,05
	<u>842,29</u>
	Kr. 1448,70

Reykjavík 31. desember 1893.

Þórhallur Bjarnarson

p. t. fjehirðir.

Við reikning þennan hefi jeg ekkert að athuga.

Eiríkur Briem

Reikning þennan höfum við endurskoðað og ekkert fundið við hann að athuga.

Jón Jenson.

Vald. Ásmundarson.

III Fjelagar.

A. Ævilangt.¹

Anderson, R. B. prófesor, Ameríku.
Andrjes Fjeldsted, bóndi, Hvítárvöllum.

Ari Jónsson, bóndi á Þverá, Eyjaf.

Árni B. Thorsteinsson, r., landfógeti,
Rvík.

Ásmundur Sveinsson, skrifari, Rvík.

Björn M. Ólsen, dr., skólak., Rvík.

Bogi Melsted, cand. mag., Khöfn.

Carpenter, W. H., próf. Columbia-há-
skóla, Ameríku.

Dahlerup, Verner, c. mag., bkv. Khöfn.

Eggert Laxdal, verzlunarstjóri, Ak-
ureyri.

Eiríkur Magnússon, M. A., r., bóka-
vörður, Cambridge.

*Elmer, Reynolds, dr., Washington.

Fiske, Willard, próf., Florence, Ítalíu.

Goudie, Gilbert, F. S. A. Scot., Edin-
burgh.

Guðbrandur Sturlaugsson, bóndi,
Hvítadal.

*Hazelius, A. R., dr. fil., r. n., Stokk-
hólmi.

Jóhannes Böðvarsson, snikkari, Hvít-
árvöllum.

Jón Á. Johnsen, sýslum., Eskifirði.

Jón Jónsson, próf., Stafafelli, Lóni.

Jón Þorkelsson, dr. fil., r., rektor, Rvík.

Kjartan Einarsson, prófastur, Holti.

Kristján Zimsen, kaupmaður, Rvík.

Lárus Benidiktsson, prestur, Selárdal.

1) Stjarnan (*) merkir heiðursfjelaga.

Löve, F. A., kaupmaður, Khöfn.
 Magnús Andrjesson, próf., Gilsbakka.
 Magnús Stephensen, komm. af dbr.
 og dbrm., landshöfðingi, Rvík.
 Maurer, Konráð, dr. jur., próf., Ge-
 heimeráð, München.
 Müller, Sophus, dr. museums-direktör
 Khöfn.
 *Nicolaisen, N., antikvar, Kristíaníu.
 Ólafur Johnsen, adjunkt, Óðinsey.
 Peacock Bligh, esq., Sunderland.
 Phené, dr., Lundúnun.
 Schjöldtz, cand. pharm., Óðinsey.
 Stampe, Astrid, barónessa, Khöfn.
 Stefán Guðmundsson, verzlunarstjóri,
 Djúpavogi.

Stephens, G., próf., Khöfn.
 *Storch, V., laboratoriums-forstjóri,
 Khöfn.
 Styffe, B. G. (r. n.) dr. fl., Stokk-
 hólmi.
 Thomsen, H. Th. A., kaupm., Rvík.
 Torfildur Þ. Holm, frú, Rvík.
 Torfi Bjarnason, skólastjóri í Ólaf-
 dal.
 Wendel F. R., verzlunarstjóri, Þing-
 eyri.
 Wimmer, L. F. A., dr. fl., próf.,
 Khöfn.
 Þorvaldur Jónsson, hjeraðsl., Ísafirði.
 Þorvaldur Thoroddsen, dr., skóla-
 kennari, Rvík.

B. Með árstíllagi.

Amira, Karl v., dr., próf., München.
 Arinbjörn Ólafsson, b., Njarðvík.
 Arnbjörn Ólafsson, kaupm., Keflavík.
 Árni Gíslason, b., Kirkjubóli, Selár-
 dal.
 Arnljótur Ólafsson, prestur, Sauða-
 nesi.
 Arpi, Rolf, dr. fl., Uppsölum.
 Asgeir Blöndal, héraðsl., Húsavík.
 Baldt, F., húsasmiður, Khöfn.
 Benedikt Kristjánsson, fyrrum pró-
 fastur, Landakoti.
 Bjarni Jensson, lækni, Hörgsdal.
 Bjarni Þórarinnsson, próf., Prests-
 bakka.
 Bjarni Þorkelsson, smiður í Ólafsvík.
 Björn Guðmundsson, múrari, Rvík.
 Björn Jónsson, ritstjóri, Rvík.
 Boétius, S. J., lector, Uppsölum.
 Brynjólfur Jónsson, fræðimaður,
 Minnanúpi.
 Daniel Thorlacius, f. kaupm., Stykk-
 ishólmi.
 Davíð Scheving Þorsteinsson, hjeraðs-
 lækni, Brjánslæk.
 Durgin, W. G., rev., Hillsdale College,
 Michigan.
 Einar Hjörleifsson, ritstj., Winnípeg.
 Einar Jónsson, kaupmaður, Eyrar-
 bakka.

Einar Thorlacius, sýslumaður, Seyðis-
 firði.
 Eiríkur Briem, prestask. kennari, Rvík,
 Eiríkur Gíslason, prestur, Staðastad.
 Eyþór Felixson, kaupm., Rvík.
 Finnur Jónsson, dr. Khöfn.
 Forngripasafnið í Rvík.
 Friðbjörn Steinsson, bóksali, Akureyri.
 Friðrik Stefánsson, alþingism., Skálá.
 Geir Zoëga, dbrm., kaupmaður, Rvík.
 Gering, Hugo, prófessor, dr., Kiel.
 Gísli Einarsson, prestur, Hvammi,
 Norðurárdal.
 Greipur Sigurðarson, bóndi, Hauka-
 dal.
 Grímur Jónsson, kennari, Ísafirði.
 Grímur Thomsen, dr. fl., r. o. s. frv.
 Bessastöðum.
 Guðmundur Gíslason, Port Arthur,
 Ont., Can.
 Guðmundur Guðmundsson, b., Ljár-
 skógum.
 Guðmundur H. Finnbjarnarson, Stað,
 Aðalvík.
 Guðmundur Pálsson, beykir, Ísafirði.
 Guðmundur Scheving, lækni, Seyð-
 firði.
 Guðmundur Thorgrímson, f. kaupm.,
 Rvík.

- Guðmundur Þorláksson, stípmagn., Khöfn.
 Guðni Einarsson, Óspaksstöðum, Hrutafirði.
 Guðni Guðmundsson, læknir, Borgundarhólmi.
 Gunnlaugur Briem, verzlunarstjóri, Hafnarfirði.
 Guttormur Jónsson, snikkari, Hjarðarholti.
 Gustafsson, G. A., Filos. licentiat konservator, Bergen.
 Hagson, K. A., läroverksadjunkt, Linköping.
 Halldór Briem, kennari, Möðruvöllum.
 Halldór Daníelsson, bæjarfógeti, Rvík.
 Halldór Kr. Friðriksson, r., yfirkenari, Rvík.
 Halldór Guðmundsson, f. skólakennari, Rvík.
 Hallgrímur Melsted, bókavörður í Rvík.
 Hallgrímur Sveinsson, r., biskup, Rvík.
 Hannes Þorsteinsson, cand. theol., ritstjóri, Rvík.
 Harrassowitz, Otto, bóksali, Leipzig.
 Háskólastrafjelag Íslendinga í Khöfn.
 Helgi Jónsson, faktor, Borgarnesi.
 Henry Petersen, dr., museums direktör, Khöfn.
 Hjörleifur Einarsson, prófastur, Undornfelli.
 Holger Clausen, kaupm., Stykkishólmi.
 Indriði Einarsson, endurskoðari, Rvík.
 Ingibjörg Johnson, frú, Rvík.
 Íslenzkt kvenfjelag í Winnipeg.
 Iverus, I. E. Dison V., viceadjunkt, Linköping.
 Jakob Atanasíusson, Gerði, Barðastönd.
 Jón Jónsson, kand. med. & chir.
 Jóhannes Oddsson, f. bóndi, Rvík.
 Jóhannes Sigfússon, cand. theol., Hafnarfirði.
 Jóhannes Vigfússon, prentari,
 Jóhannes Þorgrímsson, dbrm., b., Sveinseyri, Tálknaf.
 Jón Borgfirðingur, f. löggæslum., Rvík.
 Jón Gunnarsson, verzlunarstjóri, Keflavík.
 Jón Guttormsson, próf., Hjarðarholti.
 Jón Halldórsson (frá Svartagili), Ameríku.
 Jón Jensson, landsyfrrjettardómari, Rvík.
 Jón Jónsson, prófastur, Hofi, Vopnafirði.
 Jón Jónsson, prestur, Stað, Reykjanesi.
 Jón Ólafsson, útvegsbóndi, Hlíðarhúsum.
 Jón Pjetursson, r., f. háyfirdómari, Rvík.
 Jón Sveinbjarnarson (frá Draghálsi), Ameríku.
 Jón Vídalín, kaupmaður, Khöfn.
 Jónas Jónasson, prestur, Hrafnagili.
 Jónas Jónsson, bóksalassistent, Rvík.
 J. Th. Johnsen, Suðureyri, Tálknafirði.
 Jörgensen, P., kapteinn, Stavanger.
 Kålund, Kr., dr. phil., Khöfn.
 Kristján Andrjesson, skipstjóri, Meðaldal, Dýrafirði.
 Kristján Jónsson, yfirjettardómari, Rvík.
 Kristján Ó. Þorgrímsson, málaflutningsmaður, Rvík.
 Kungl. Vitterhets- Historie och Antiquitets Akademien, í Stokkhólmi.
 Lange, Chr., verzlunarmaður, í Khöfn.
 Lárus K. J. Bjarnason, sýslumaður í Stykkishólmi.
 Lestrarfjelag Fljótshlíðar.
 Lestrarfjelag Austurlandeyinga.
 Magnús Helgason, prestur, Torfastöðum.
 Markús Snæbjarnarson, kaupmaður, Geyrseyri.
 Mattías Jochumsson, prestur, Akureyri.
 Mattías Ólafsson, verzlunarmaður, Þingeyri.

- Mogk, E., dr., prófessor Leipzig.
- Montelius, O., dr. fil., Am., Stokk-hólmi.
- Ólafur Guðmundsson, læknir, Stór-ólshvoli.
- Ólafur Ólafsson, prestur, Garpsdal.
- Ólafur Ólafsson, prestur, Arnarbæli.
- Ólafur Ólafsson, söðlasmiður, Ameríku.
- Ólafur Sigvaldason, hjerads-læknir, Bæ, Króksf.
- Ólafur Thorlacius, hreppstj., Stykkis-hólmi.
- Óli Finsen, póstmestari, Rvík.
- Ólína Guðbrandsd., jungfrú, Ameríku.
- Páll Briem, sýslumaður, Árbæ.
- Páll Melsted, sögukennari, Rvík.
- Pálmi Pálsson, skólakennari, Rvík.
- Paterson, W. G. Spence, brezkur-konsúll, Rvík.
- Pjetur Jónsson, blikkari, Rvík.
- Pjetur J. Thorsteinsson, kaupmaður, Bildudal.
- Rannveig Jóhannesdóttir, kaupmanns-frú, Rvík.
- Rygh, Olaf, dr., prófessor, Kristíanú.
- Sigfús H. Bjarnarson, konsúll, Ísa-frði.
- Sighvatur Árnason, alþingismaður, Eyvindarholti.
- Sigmundur Guðmundsson, prentari, Rvík.
- Sigríður Sveinbjarnardóttir, jungfrú, Árósi.
- Sigurður Arnason (frá Höfnum), Winnipeg.
- Sigurður Briem, kand. polit., Rvík.
- Sigurður E. Sverrisson, sýslumaður, Bæ, Hrutafirði.
- Sigurður Gunnarsson, prófastur, Valþjófsstað.
- Sigurður Jónsson, snikkari, Dýra-frði.
- Sigurður Kristjánsson, bóksali, Rvík.
- Sigurður Melsted, r., lektor, Rvík.
- Sigurður Stefánsson, prestur, Vigur.
- Sigurður Sigurðsson, búfræð. í Langholti.
- Sigurður Sigurðsson, kennari í Mýrarhúsum.
- Staatsbibliothek í München.
- Símon Bjarnarson, dalaskáld, Silfrastöðum.
- Stefán Egilsson, múrari, Rvík.
- Stefán Thorarensen, f. sýslum., Akureyri.
- Steingrímur Johnsen, kaupmaður, Rvík.
- Steingrímur Thorsteinsson, skólakennari Rvík.
- Steinnordh, J. H. V., theol. + fil. dr. (r. n.), Linköping.
- Sæmundur Eyjólfss., cand. theol. Rvík.
- Sæmundur Jónsson, b., Minni-Vatnsleysu.
- Sæmundur Jónsson, próf., Hraungerði.
- Tamm, F., A., dr. docent, Uppsölum.
- Teitur Jónsson, veitingamaður, Ísafrði.
- Torfi Halldórsson, kaupmaður, Flat-eyri.
- Tryggvi Gunnarsson, bankastjóri, Rvík.
- Valdimar Ásmundarson, ritstjóri, Rvík.
- Valdimar Briem, prestur, Stóranúpi.
- Valdimar Örnólfsson, verzlunarmaður, Ísafrði.
- Valtýr Guðmundsson, dr. fil., docent, Khöfn.
- Þóra Jónsdóttir, frú, Vestmannaeyjum.
- Þorbjörn Jónasson, kaupmaður í Rvík.
- Þórður Thoroddsen, hjerads-læknir, Keflavík.
- Þorgrímur Johnsen, hjerads-læknir, Akureyri.
- Þórhallur Bjarnarson, lector, Rvík.
- Þorleifur Jónsson, prestur, Skinna-stöðum.
- Þorleifur Jónsson, alþm., Reykhól-hólum.


Þorsteinn Benediktsson, prestur, Bjarnanesi.		Þorvaldur Jakobsson, prestur, Haga, Barðaströnd.
Þorsteinn Jónsson, hjeraðslæknir, Vestmannaeyjum.		Þorvaldur Jónsson, prófastur, Ísa- firði.

Leiðrjettingar.

Í Árbók fornleifafjelagsins 1893 á bls. 78, línu 17. stendur:
 »kominn eða þeir undir hann«, á að vera: »kominn á stuðlana eða þeir und-
 ir hann«; og á bls. 79, línu 24. stendur: »bjuggu við Grímmsgil eptir föður
 sinn«, á að vera: »bjuggu *ekki* við Grímmsgil eptir föður sinn«.




Árnesið með þingstaðnum o. fl.




1. Árnesið. 2—2. Þjorsá. 3—3—3. Árnesskvíslin. 4—4—4. Þjorsár farvegur forn. 5—5. Búði. 6. Búðaberg. 7. Búðatóttinnar. 8. Þinghóll. 9. Dómhringurinn. 10. Hofsheiði. 11—11. Hofsholt. 12. Stóra-Hof. 13. Minna-Hof. 14. Lækjar-ey. 15. Kálfár-útfall. 16. Akbrautarholt.

Búðatóttir Árness þingstaðar.




1. Tótt frá seinni tímum. 2—2. Rofbakki. 3—3. Blásinn melur. 4. Búðaberg. 5—5—5. Þjorsá. 6—6. Búði. 7. Árnesskvíslin. 8. Árnesið.

Búðir Leiðvallar-þingstadar.



1—1. Kúðafljót. 2. Kúðanef. 3—3. Lækjar- (eða kvíslar-) fjarvegur. 4—4. Gata heiman frá bænum. 5. Hvilftin. 6. Balinn (garðurinn?).



Hoftótt í Úthlíð.



Hoftótt í Fjalli.



Hoftótt(?) í Fljótshlíð.



